

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

#### Hlutverk.

##### 1. gr.

1. Kennaraháskóli Íslands skal vera vísindaleg fræðslu- og rannsóknarstofnun í uppeldis- og kennslufræðum. Heimilt er Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands að skipta með sér verkefnum og viðurkenna sambærilegar námseiningar eða námsþætti hvors annars til þess að forðast tvíverknað.
2. Það er hlutverk Kennaraháskóla Íslands að veita fullnægjandi þekkingu og leikni til þess að kenna og leiðbeina ungmennum á skyldunámsstigi og í yngri aldursflokkum, sem að því stigi liggja og eiga rétt á skólavist á kostnað ríkis og sveitarfélaga.
3. Skólinn skal temja kennaraefnum fræðileg viðhorf og þann heildarskilning á nemendum og umhverfi þeirra, er gerir þau hæf til samvinnu við vandamenn nemenda sinna, sérfræðinga og aðra aðila, er uppeldisstörfum sinna. Kennaraefnum skulu kennd hagkvæm og skipuleg vinnubrögð í námi, einum sér og í samvinnu. Námið á að þjálfa hugsun og glæða hugkvæmni, alúð, skyldurækni og félagsþroska.
4. Skólinn skal jafnan taka mið af markverðum nýjungum í vísindum og viðhorfum, er uppeldismál varða, hafa frumkvæði um að sannreyna gildi þeirra í íslenzku umhverfi, leita nýrri og betri kenninga og aðferða í námi og kennslu og vekja athygli yfirstjórnar skólans á æskilegum breytingum á skólahlaldi og fræðslulöggjöf.
5. Skólinn skal í samvinnu við skólarannsóknadeild menntamálaráðuneytisins annast endurmenntun og viðbótarmenntun kennara á skyldunámsstigi með skipulegri fræðslu, námskeiðum og kynningu á markverðum nýjungum í skóla- og uppeldismálum.

#### Stjórn skólans.

##### 2. gr.

1. Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans.
2. Ráðherra til ráðuneytis um menntun kennara skal vera skólanefnd kennaraskóla, skipuð til fjögurra ára. Í nefndinni skal vera, auk rektors Kennaraháskóla Íslands eða fulltrúa hans, einn fulltrúi tilnefndur af hverjum eftirtalinna aðila: Skólastjórn Kennaraháskóla Íslands, sérkennaraskólum sameiginlega, háskólaráði, Sambandi íslenzkra barnakennara, Landssambandi framhaldsskólakennara, Félagi háskólamenntaðra kennara, samtökum íslenzkra kennaranema (nefndur til tveggja ára), fræðslustjórum í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi, fræðslustjórum utan þess svæðis svo og menntamálaráðuneytinu. Er fulltrúi þess formaður nefndarinnar. Skal skólanefndin kvödd til fundar eigi sjaldnar en einu sinni á ári.
3. Rektor stjórnar daglegri starfseni skólans og hefur umsjón með henni. Hann er æðsti fulltrúi skólans gagnvart mönnum og stofnunum innan skólans og utan.

Skólastjórn fer að öðru leyti með stjórn skólans. Hana skipa rektor og fastir kennarar skólans ásamt skólastjóra Æfinga- og tilraunaskólans, svo og fulltrúar tilnefndir af nemendaráði, og komi einn fulltrúi nemenda fyrir hverja fjóra aðra fulltrúa, sem sæti eiga í skólastjórn.

Í skólaráði eiga sæti rektor, einn úr hópi fastra kennara við hverja skor skólans (skorarstjóri), þrír tilnefndir af nemendaráði og einn tilnefndur á almennum fundi lausráðinna kennara. Skólaráð fer með þau störf, sem því eru sérstaklega falin í lögum þessum, og er að öðru leyti til aðstoðar rektor og skólastjórn við umsjón með stofnuninni.

Rektor er í forsæti á fundum skólastjórnar og skólaráðs, en konrektor ritari.

Á fundum skólastjórnar og skólaráðs verður ályktun því aðeins gild, að tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra manna sæki fund hið fæsta. Á fundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn, sker atkvæði rektors úr eða staðgengils hans.

Rísi ágreiningur um, hvort tilteknu málefni skuli ráðið til lykta af rektor, skólastjórn eða skólaráði, sker menntamálaráðherra úr.

4. Rektor skal kjörinn af skólastjórn úr hópi fastra kennara til 4 ára í senn. Endurkjósa má rektor einu sinni án lotuskila. Rektor skal kjörinn í janúarmánuði og taka við embætti 1. ágúst, utan hvað hann ber ábyrgð á tillögum til fjárlaga fyrir næsta ár eftir að hann var kjörinn.
5. Í aprilmánuði kjósa kennarar skorar sér skorarstjóra til tveggja ára í senn úr hópi fastra kennara og tekur hann við starfinu 1. júlí. Um kosningu á fulltrúum lausráðinna kennara og nemenda sem og framkvæmd á kosningu skorarstjóra segir nánar í reglugerð.

#### Nemendaráð.

##### 3. gr.

1. Í Kennaraháskóla Íslands skal starfa nemendaráð, er tilnefni fulltrúa nemenda í skólastjórn og skólaráð; enn fremur er það rektor til ráðuneytis í málefnum skólans. Skal það kosið af nemendum skólans til eins árs í senn.
2. Um kosningar í nemendaráð og framkvæmd þeirra skal ákveðið í reglugerð.
3. Nemendaráð setur sér reglur um skipan, starfssvið og starfshætti. Skulu þær háðar samþykki meiri hluta nemenda í leynilegri atkvæðagreiðslu.

#### Inntaka nemenda í skólann.

##### 4. gr.

Inntökuskilyrði í Kennaraháskóla Íslands eru:

1. Stúdentspróf.
2. Annað nám, ef skólastjórn telur það jafngilt og mælir með því, en menntamálaráðuneytið fellst á það.
3. Heimilt er skólanum að úrskurða um inntöku nemenda með hliðsjón af hæfni-prófi eða öðrum matsaðferðum, en fullnægja skulu þeir ákvæðum þessarar greinar. Ákveða má í reglugerð lágmarkseinkunn í íslenzku og fleiri greinum.
4. Nemandi skal eigi haldinn neinum kvilla, er öðrum geti að meini orðið, né neinum þeim ágalla, er að dómi skólastjórnar hamli skólavist.

Inntaka nemenda í skólann er í höndum skólastjórnar eða skólaráðs í umboði hennar.

#### Nám og námstími.

##### 5. gr.

Skipuleggja skal námið sem þriggja ára nám. Námstími skal eigi vera lengri en 9½ mánuður á ári og eigi skemmri en 8½. Menntamálaráðuneytið getur leyft allt að hálfsmánaðar vik frá þessu ákvæði.

Heimilt er að halda allt að níu mánaða námskeið á uppeldisfræðilegu sérsviði, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum.

#### 6. gr.

Ef námsefni í Kennaraháskóla Íslands skiptist í 12 hluti og hver hlutur jafngildir um það bil 6 ársvikustundum, skulu hlutföll einstakra greina vera nálægt því, er hér segir, að frádregnum þeim tíma skólaársins, sem varið er til áheyrnar, æfingakennslu og námskeiða:

##### I. Almenn kennaranám.

a. Uppeldisgreinar bóklegar, 2 hlutir.

b. Námsefni skyldunáms:

1) Kjarni: 4 hlutir. Námi í kjarna skal ljúka að því leyti, sem fært er, á fyrsta ári.

2) Tvær valgreinar, 4 hlutir. Heimilt er skólustjórn að leyfa nemendum að bæta við sig þriðju valgrein og verður þá valgreinanámið 6 hlutir.

c. Uppeldisfræðilegt sérsvið og áheyrn, 2 hlutir.

II. Nám handavinnukennara skal vera 2 hlutir í bóklegum uppeldisgreinum, 1 hlutur í kjarna, 2 í bóklegri valgrein og 7 í handlistum.

III. Verklegt nám, æfingakennsla og annað starf á vettvangi, 12 vikur. Saman skal fara, eftir því sem við verður komið, samstillt og hnitmiðað nám í skyldunámsgreinum og uppeldisgreinum, einkum kennslufræði. Verklega námið fer fram í æfinga- og tilraunaskóla og öðrum skólum og stofnunum, eftir því sem þörf krefur.

IV. Fjalla skal um það efni á námskeiðum, sem ekki er unnt að skipa eðlilega á samfellda stundaskrá annar- eða vetrarlangt.

#### 7. gr.

Námsgreinar skólans skiptast í skorir, sem hér segir:

1. Uppeldisgreinar: sálarfræði, uppeldisfræði, kennslufræði og kennsluæfingar, auk skólasögu.

II. Félagsgreinar: félagsfræði, saga, siðfræði, trúarbragðasaga og kristinfræði.

III. Mál: íslenska og íslensk fræði, þar með talin framsögn og hljóðfræði nútíðarmáls, danska, enska.

IV. Raungreinar: eðlisfræði, efnafræði, líffræði, landafræði, auk stærðfræði.

V. List- og verkgreinar: skrift, vélritun, teiknun og handavinna, söngur og tónfræði, leiklist, íþróttir og fimleikafræði.

Heimilt er stjórn skólans að fjölga eða fækka kennslugreinum, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins.

#### 8. gr.

Nemendur skulu hafa tekið þátt í almennum framleiðslu- og þjónustustörfum eigi skemur en 4 mánuði samanlagt á námstímanum eða árinu, áður en kennaranám var hafið.

Verkleg þjálfun eða starf á uppeldisstofnun getur komið í stað almennra starfa.

#### Námseftirlit og almenn próf.

#### 9. gr.

1. Eftirlit, námsmat og próf skulu vera, eftir því sem við verður komið, eðlilegur þáttur eða lokastig í námi og þjálfun og miðast m. a. við verklegar æfingar og ritgerðir, hlutlæg próf svo og þau vinnubrögð önnur, sem veita nemendum sem gleggsta vitneskju um vald þeirra á námsefninu og örva þá til frekari dáða.

2. Svo skal haga gerð prófa, að þau standist fræðilegar kröfur um áreiðanleik, svo og réttmæti í samræmi við markmið námsins.
3. Próf skulu haldin í öllum námsgreinum fyrsta árs. Skera þau úr um það, hvort nemandi heldur áfram námi annars og þriðja árs.
4. Námsefni skal, eftir því sem reglugerð ákveður, skipt niður í námsáfanga. Lýkur námi í hverjum áfanga með prófi eða annars háttar mati. Þó skal heimilt, ef skólastjórn æskir þess og ráðuneyti fellst á það, að haga lokaprófi í tilteknum greinum svo, að það nái til tveggja eða fleiri áfanga í námsefni annars og þriðja árs.

Lokapróf hvers áfanga eða námsgreinar er hluti af kennaraprófi.

5. Prófdómarar, skipaðir af menntamálaráðuneytinu, skulu dæma með kennara úrlausnir á lokaprófum í greinum, þar sem reglugerð mælir fyrir um lágmarks-einkunn. Í öðrum greinum kennaraprófs dæma kennarar einir og gefa einkunnir. Þó getur menntamálaráðuneytið skipað prófdómara í þessum greinum einnig, ef ástæða þykir til eða ef skólaráð æskir. Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um, próf í Kennaraháskóla Íslands.

### Þjálfun í starfi. Embættispróf.

#### 10. gr.

Að afloknu samfelldu námi og prófum í Kennaraháskóla Íslands skulu kennaraefni njóta tveggja ára leiðsagnar og þjálfunar í starfi, áður en þau öðlast réttindi til kennaraembættis. Fræðsluskrifstofur skulu hver í sínu umdæmi skipuleggja námskeið og viðræðufundi fyrir kennaraefni, í samráði við Kennaraháskóla Íslands, hafa umsjón með þeim og setja þeim leiðsagnarkennara, að fengnum tillögum hlutað-eigandi skólastjóra.

Reynslutímanum lýkur með prófi. Kennaraháskóli Íslands hefur umsjón með prófinu. Nefnist það embættispróf kennara.

Til náms þessa skal varið sem svarar 2—4 vikum á ári.

Kenndar stundir nýliðans skulu nema hið fæsta hálfri kennsluskyldu fastra kennara á fyrsta starfsári, og samanlagður fjöldi kenndra stunda og námsstunda hans skal eigi vera meiri en fullur skyldustundafjöldi fastra kennara.

Heimilt er að setja nýliða í starf. Skal hann njóta fullra launaréttinda kennara á starfstímanum, þar með talinn tveggja til fjögurra vikna námstími hvort árið.

### Starfslið.

#### A. Kennarar.

#### 11. gr.

Fastir kennarar skólans eru prófessorar, dósentar og lektorar. Auk þess starfa við skólann aðjuntar, sem menntamálaráðherra ræður til tveggja ára hið skemmsta, að fengnum tillögum skólaráðs. Skólaráð ræður stundakennara.

Skipa skal allt að sjö prófessora, tvo í uppeldisgreinum, einn í islenskum fræðum, einn í erlendum málum, einn í raungreinum, einn í félagsgreinum og einn í listgreinum.

Dósentar skulu vera allt að níu, tveir í uppeldisgreinum, einn í málvisindum, tveir í raungreinum, tveir í félagsgreinum, og tveir í listgreinum.

Um tölu lektora fer eftir ákvörðun menntamálaráðherra að fengnum tillögum skólaráðs.

Um vinnutíma kennara, árlegan eða vikulegan, fer eftir kjarasamningum eða dómi kjaradóms; í reglugerð skal kveða á um, hver sé kennsluskylda einstakra kennara.

## 12. gr.

1. Kennarar skólans skiptast á skorir eftir kennslugreinum sínum.
2. Forseti Íslands skipar prófessora, en menntamálaráðherra dósenta og lektora.
3. Þá eina má skipa fasta kennara, sem lokið hafa fullnaðarprófi frá háskóla eða annarri sambærilegri stofnun í aðalgrein þeirri, er þeir eiga að kenna, svo og prófi í uppeldis- og kennslufræðum. Þó má veita umsækjanda, sem ekki fullnægir þessum skilyrðum, stöðuna, ef meiri hluti dómnefndar telur hann hæfan til að gegna starfinu.
4. Skipa skal hverju sinni þriggja manna nefnd til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna stöðu prófessors eða dósents. Skipar menntamálaráðherra einn mann í nefndina, Háskóli Íslands annan, skólaráð Kennaraháskóla Íslands hinn þriðja og er hann formaður nefndarinnar. Í nefnd þessa má skipa þá eina, sem lokið hafa háskólaprófi í hlutaðeigandi grein eða eru að öðru leyti viðurkenndir sérfræðingar í greininni. Heimilt er skólaráði að hlutast til um, að sams konar dómnefnd fjalli um hæfi umsækjenda um lektorstöður.

Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það, hvort af vísindagildi rita og rannsókna umsækjanda svo og námsferli hans og störfum, megi ráða, að hann sé hæfur til að gegna embættinu. Álitsgerð nefndar skal höfð til hliðsjónar, er embættið er veitt, og má engum manni veita prófessorsembætti eða dósentsstarf við Kennaraháskóla Íslands, nema meiri hluti nefndarinnar hafi látið í ljós það álit, að hann sé hæfur til þess.

Enn fremur skal leita álits skólaráðs Kennaraháskóla Íslands um umsækjendur, hvort heldur eru prófessorar, dósentar eða lektorar.

## B. Annað starfslið.

### 13. gr.

#### I. Umsjónar- og ráðgjafastörf.

1. **Konrektor**, er rektor ræður úr hópi fastra kennara og vera skal honum til aðstoðar í daglegu starfi og staðgengill hans kjörtímabilið.
2. **Bókavörður**, er hefur umsjón með bókakosti skólans og lestrarsölum hans.
3. **Námsráðunautar**, er liðsinni nemendum í námsvali og námsvanda, svo og um einkamál í námi og lífi.
4. **Æfingastjóri**, er skipuleggur æfingakennslu og hefur umsjón með henni.

Þeir starfsmenn, er taldir eru í þessum lið, mega allir vera úr hópi kennara, og má fela sama starfsmanni fleiri en eitt þessara starfa, ef henta þykir.

#### II. Störf á skrifstofu.

1. **Fulltrúi**, er sé rektor og konrektor til aðstoðar við dagleg störf. Hann stjórnar þeim störfum, sem unnin eru á skrifstofu skólans, og annast þau eftir því, sem við verður komið. Honum skal fengin aðstoð eftir þörfum.
2. **Gjaldkeri**, er annast reikningshald skólans og bókhald.
3. **Annað starfslið**, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

#### III. Önnur störf.

1. **Húsvörður**, er hefur umsjón með húsum skólans og húsmunum, dyravörzlu, ræstingu, ljósi og hita. Hann annast einnig eftirlit með lóð skólans.
2. **Tækjavörður**, er aðstoðar við verklega kennslu og hefur umsjón með kennslutækjum, nýtingu þeirra og vörzlu. Hann annast viðhald og viðgerðir á tækjakosti skólans.

Fela má sama starfsmanni fleiri en eitt þeirra starfa, sem talin eru í lið II. og III.

Nánari ákvæði um starfssvið, ráðningartíma, réttindi og skyldur starfsmanna skólanna skal setja í reglugerð.

Menntamálaráðherra ræður, setur eða skipar starfsmenn samkv. grein þessari, aðra en konrektor, að fenginni umsögn skólaráðs, er hafi áður leitað álits nemendaráðs, að því er námsráðunaut varðar.

#### Rannsóknarstofnun uppeldismála.

##### 14. gr.

1. Komið skal á fót rannsóknarstofnun uppeldismála. Skal hlutverk hennar vera að:
  - a. vinna að fræðilegum rannsóknum á sviði sál- og félagsvísinda, og skulu að jafnaði tekin fyrir verkefni, er teljast hafa hagnýtt gildi fyrir skólastarf á Íslandi,
  - b. veita kennaraefnum og háskólastúdentum þjálfun í fræðilegum rannsóknar- aðferðum sál- og félagsvísinda.
2. Til stofnunarinnar skal ráða sérfræðinga á sviði sálarfræði, uppeldisfræði, kennslufræði, félagsfræði og tölfræði, eftir þörfum og samkvæmt því, sem fé er veitt til í fjárlögum. Heimilt er að fela föstum kennurum beggja háskóla rannsóknarstörf við stofnunina. Má þá léttu af þeim hluta af starfsskyldum, enda komi til samþykki háskólaráðs eða skólaráðs Kennaraháskóla Íslands.

Eftir því sem tók eru á skal og veita prófessorum og dósentum aðstöðu til eigin rannsókna í stofnuninni.

##### 15. gr.

1. Stjórn rannsóknarstofnunar uppeldismála skal vera í höndum 6 manna stjórnarnefndar, er í eigi sæti:

rektor Kennaraháskóla Íslands,  
rektor Háskóla Íslands,  
fulltrúi, nefndur til tveggja ára af föstum kennurum uppeldisskorar Kennaraháskóla Íslands,  
fulltrúi, nefndur til tveggja ára af föstum kennurum Háskóla Íslands í sálarfræði, uppeldisfræði og félagsfræði.  
deildarstjóri skólarannsóknadeildar menntamálaráðuneytisins,  
formaður, skipaður af menntamálaráðherra til fjögurra ára, án tilnefningar.  
Verði atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns.
2. Vísindalegu starfi rannsóknarstofnunar uppeldismála stjórnar forstjóri, kjörinn til skiptis úr hópi fastra kennara í uppeldisskor Kennaraháskóla Íslands og fastra kennara í heimspekideild Háskóla Íslands í sálarfræði, uppeldisfræði og félagsfræði. Kjörtímabil forstjóra er þrjú ár. Forstjóri skal hafa umsjón með framgangi rannsóknarverkefna stofnunarinnar og fjárreiðum hennar. Hann gerir tillögur til stjórnarnefndar um ráðningu starfsmanna að stofnuninni, undirbýr fjárhagsáætlanir og semur ársskýrslu um starfsemina. Forstjóra er skylt að kenna a. m. k.  $\frac{2}{3}$  hluta kennsluskyldu sinnar í hlutaðeigandi háskóla. Um aukavinnu forstjóra utan vébanda stofnunarinnar og viðkomandi háskóla fer eftir almennum ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.
3. Stjórnarnefnd hefur yfirumsjón með fjárhag stofnunarinnar og gerir tillögur til menntamálaráðuneytisins um fjárveitingar í fjárlögum. Hún ræður starfsmenn að stofnuninni og samþykkir val meiri háttar rannsóknarverkefna.

## Æfinga- og tilraunaskóli.

### 16. gr.

Í sambandi við Kennaraháskóla Íslands starfar æfinga- og tilraunaskóli, sem er um leið skóli skyldunáms fyrir ákveðið hverfi Reykjavíkurborgar. Kennaraefni skulu fá kennsluæfingar í öllum þeim aldursflokkum, sem Kennaraháskólinn veitir rétt til að kenna.

### 17. gr.

Æfingaskólinn skal hafa með höndum uppeldisfræðilegar athuganir og tilraunir eftir því, sem við verður komið. Rektor Kennaraháskóla Íslands og prófessor í uppeldis- og sálarfræði skulu í samráði við skólastjóra Æfingaskólans hafa umsjón með rannsóknarstarfi þessu.

### 18. gr.

1. Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans og setur og skipar kennara hans að fengnum tillögum skólastjórnar Æfingaskólans og að því er varðar fasta æfingakennara að fengnum tillögum skólaráðs Kennaraháskóla Íslands.
2. Stofnkostnaður skólans skiptist þannig með aðilum, að ríkissjóður greiðir  $\frac{3}{5}$  hluta hans, en borgarsjóður Reykjavíkur  $\frac{2}{5}$  hluta.

Rekstrarkostnað skólans greiða aðilar samkvæmt eftirfarandi reglum:

Ríkissjóður greiðir laun fastra kennara, stundakennslu, forfallakennslu, heimavinnu kennara, handbækur kennara, efni til handavinnukennslu og tilraunakostnað.

Allur annar rekstrarkostnaður en talinn er hér að framan skiptist þannig með aðilum, að borgarsjóður Reykjavíkur greiðir fyrir hvern nemanda í skólanum þá fjárhæð, sem hann greiðir í annan rekstrarkostnað á sama tíma, að meðaltali, fyrir hvern nemanda í barna- og gagnfræðaskólum Reykjavíkur.

### 19. gr.

Stjórn Æfingaskólans skipa rektor Kennaraháskóla Íslands, skólastjóri og fastir kennarar Æfinga- og tilraunaskólans. Skólastjóri annast daglega stjórn í umboði rektors.

### 20. gr.

Heimilt er skólastjóra Æfingaskólans að kveðja kennara sér til aðstoðar við umsjónarstörf í skólanum, niðurskipun kennsluæfinga og eftirlit með þeim í samráði við æfingastjóra, svo og önnur störf í þágu skólans, sem nauðsyn ber til, og má þá fækka við þá kennara kennslustundum, sem því svarar, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins.

### 21. gr.

1. Ákveða skal í reglugerð um fjölda kennara og kennslustundafjölda þeirra á viku með tilliti til fjölda æfingastunda. Auk fastra æfingakennara skal ráða til starfa við skólann aðra kennara eftir þörfum og jafnan kappkosta að fá sem færasta kennara, bæði að menntun og reynslu, til kennslu við Æfingaskólann. Heimilt er, að fastir æfingakennarar séu eigi færri en aldursflokkar Æfingaskólans og einn fyrir hvert uppeldisfræðilegt sérsvið að auki. Þeir skulu annast æfingakennslu og hafa umsjón með henni í samráði við æfingastjóra og kenna við Kennaraháskóla Íslands, eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð.
2. Aðrir kennarar Æfingaskólans hafa sömu laun og almennir kennarar við aðra skóla á sömu skólastigum, en fyrir æfingatíma eða tilraunastarf, sem þeir kunna að annast, fái þeir sérstaka þóknun, sem menntamálaráðuneytið ákveður.

## 22. gr.

Barna- og gagnfræðastigsskólum þeim, sem menntamálaráðuneytið ákveður, að fengnum tillögum skólastjórnar Kennaraháskólans, er skylt að taka við nemendum Kennaraháskólans til æfingakennslu. Skólastjórar þeirra skóla og skólastjóri Æfingaskólans skulu hafa samráð um þá æfingakennslu. Þóknun fyrir hana skal ákveðin af ráðuneytinu.

## Orlof.

### 23. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í 5 ár og óskar að hverfa frá störfum um skeið til að efla þekkingu sína og kennarahæfni. Skal hann þá senda menntamálaráðuneytinu beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst verja orlofstímanum, sem skal notaður til a) reglulegs náms í viðurkenndri menntastofnun, eða b) a. m. k. tveggja mánaða námsferðar, sem skipulögð er eða boðið til af aðila eða stofnun, sem menntamálaráðuneytið viðurkennir. Ef menntamálaráðuneytið telur umsókn og greinargerð kennara fullnægjandi, getur það veitt honum orlof, allt að einu ári með föstum embættislaunum.

Menntamálaráðuneytið getur veitt kennara, er orlof hlýtur, styrk til að standa straum af kostnaði við ferðalög og námsdövl í sambandi við orlofið, ef hann ver því til að stunda reglulegt nám við viðurkennda menntastofnun eða til námsferðar, sem hann nýtur ekki sambærilegs styrks til frá öðrum aðilum. Þá getur menntamálaráðuneytið auglýst eftir umsækjendum til að leggja fyrir sig tiltekið nám, gegn veitingu orlofs eða sérstakra styrkja, nema hvort tveggja sé. Styrki til viðbótar orlofi má veita af fé því, sem í fjárlögum er hverju sinni ætlað til að kosta orlof kennara. Þá getur menntamálaráðuneytið eða aðrir aðilar í samstarfi við það efnt til allt að þriggja vikna námsferða með hópum kennara á þeim árstíma, sem skólar hérlendis starfa ekki. Slíkar ferðir skulu að jafnaði farnar í júní eða ágúst, þegar kennurum gefst kostur á að kynnast skólum erlendis í starfi. Þeir aðilar, sem fyrir slíkum ferðum standa, skulu skipuleggja þær fyrirfram og birta væntanlegum þátttakendum fyrirhugaða starfs- og ferðaáætlun. Menntamálaráðuneytið getur veitt af orlofsfjárveitingu styrk, sem nemur allt að  $\frac{2}{3}$  af áætluðum ferða- og dvalarkostnaði þeirra kennara, sem þátt taka í slíkum hópferðum. Enginn kennari getur fengið á starfsævi sinni hærrí fjárhæð í orlof og orlofsstyrki samanlagt en nemur  $1\frac{1}{2}$  árs embættislaunum hans.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt eftir föngum, að það trufla ekki störf skóla eða torveldi þau. Að orlofi loknu skulu kennarar skila til ráðuneytisins skýrslu um störf sín og nám á orlofstímanum. Skilyrði má setja þeim, sem hljóta orlof eða styrk til reglulegs náms, að þeir starfi að náminu loknu að skólamáli eða kennslu á Íslandi minnst þrjú ár. Ákvæði þessi taka einnig til skólastjóra. Heimilt er ráðuneytinu að veita kennurum orlof með launum að nokkru eða öllu leyti til þess að vinna að samningu eða útgáfu kennslubóka eða kennslugagna. Enn fremur er heimilt að veita kennara launalaust leyfi, þegar sérstakar ástæður mæla með því. Nýtur staðgengill eða staðgenglar hans þá þeirra launa.

## Ákvæði til bráðabirgða.

### 24. gr.

1. Nemendur, aðrir en stúdentar, sem skráðir voru í Kennaraskóla Íslands 1969 eða fyrr, og stúdentar skráðir í skólann fyrir gildistöku laga þessara, eiga rétt á að ljúka námi og prófum samkvæmt lögum um Kennaraskóla Íslands nr. 23/1963.
2. Ráðuneytið getur að höfðu samráði við skólastjórn falið Kennaraháskóla Íslands eða menntaskólum að taka upp kennslu í menntadeild síðar, ef styrkbær fjöldi kennara, brautskráðra 1973 eða fyrr, kys að stunda þar nám.



3. Enn fremur má fela skólanum að annast starfrækslu framhaldsdeilda á gagnfræðastigi og búa nemendur úr framhaldsdeildum undir próf jafngilt stúdentsprófi.
4. Skipaðir kennarar í bóklegum greinum við Kennaraskóla Íslands eiga forgangsrétt á skipun í lektorsstöður, sem veittar verða við Kennaraháskóla Íslands innan fjögurra ára frá gildistöku laga þessara að telja.  
Skipaðir kennarar í öðrum greinum eiga og forgangsrétt til samsvarandi starfa við Kennaraháskólann eða stofnanir hans.

25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 23/1963, um Kennaraskóla Íslands, sbr. þó 24. gr. þessara laga.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

#### A. Nefndarskipun, vinnubrögð nefndar og helztu nýmæli frumvarpsins.

##### Nefndarskipun.

Hinn 4. júlí 1969 skipaði dr. Gylfi Þ. Gíslason menntamálaráðherra nefnd til þess að „endurskoða löggjöfina um Kennaraskóla Íslands og gera tillögur um nýskipan kennaranámsins“. Var ætlað til, að nefndin lyki störfum innan eins árs.

Í nefndina voru skipaðir: Andri Ísaksson forstöðumaður Skólarannsóknna, Ármann Snævarr háskólarektor, Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri, Broddi Jóhannesson skólastjóri, formaður nefndarinnar, og Skúli Þorsteinsson formaður Sambands íslenskra barnakennara.

Áður en nefndin hóf störf sín, tók Magnús Már Lárusson sæti Ármanns Snævars í nefndinni sem nýkjörinn háskólarektor. Enn fremur var Sveinbjörn Björnsson jarðeðlisfræðingur skipaður varamaður Andra Ísakssonar, er var fjarverandi fram á mitt sumar 1970. Eftir heimkomu Andra starfaði varamaður hans áfram í nefndinni. Frá júlí s. l. að telja sat Pálmi Bjarnason í nefndinni sem fulltrúi Samtaka íslenskra kennaranema.

Í byrjun þessa árs var Loftur Guttormsson kennari ráðinn ritari nefndarinnar.

##### Störf nefndarinnar og starfshættir.

Vegna anna og fjarveru ýmissa nefndarmanna gátu nefndarstörf ekki hafizt fyrr en í nóvember 1969. Nefndin hélt alls 16 fundi á tímabilinu frá nóvember 1969 til september þessa árs, en þar að auki sat nefndin samfleytt að störfum dagana 24.—29. ágúst.

Eitt fyrsta verkefni nefndarinnar var að afla gagna og upplýsinga um tilhögun kennaramenntunarinnar í grannlöndum okkar, einkum á Norðurlöndum, Þýzkalandi, Bretlandi og í Bandaríkjum N.-Ameríku, en sjálfsagt þótti að hafa hliðsjón af þeim við endurskoðun laganna. Helztu niðurstöður af þeirri athugun fylgja greinargerðinni (viðauki II).

Að öðru leyti verða störf nefndarinnar rakin í sem stytztu máli.

Í upphafi vaknaði sú spurning, hversu rúman skilning bæri að leggja í viðfangsefni nefndarinnar, eins og það var orðað í skipunarbréfi ráðherra. Varð niðurstaða nefndarinnar sú, að henni bæri að binda endurskoðunina við þá kennaramenntun, sem Kennaraskóli Íslands hefði með höndum, enda væri heildarendurskoðun allrar kennaramenntunar í landinu umfangsmeira verk en svo, að því yrði lokið innan þeirra tímamarka, sem nefndinni voru sett.

Í nóvember 1969 var haldinn sameiginlegur fundur með fræðslulaganefnd. Þar var rætt um, sennilegar breytingar, er sú nefnd mundi leggja til að gerðar yrðu á markmiðum og starfsháttum á skyldunámsstigi. Í framhaldi af þeim umræðum gerðu nefndarmenn sér grein fyrir nokkrum meginatriðum, er hafa bæri í huga við endurskoðun á löggjöfinni um Kennaraskólann.

Á fundum nefndarinnar í desember og janúar var einkum fjallað um tillögur til breytinga á 5. grein laga um Kennaraskóla Íslands, nr. 23 1963, en sú grein fjallar um inntökuskilyrði í skólann. Nefndin taldi nauðsynlegt að endurskoða þessi ákvæði laganna nógu snemma til þess að tryggja mætti þegar haustið 1970 eðlilegar breytingar á námsskipan í Kennaraskóla Íslands. Fyrsta stig þeirra taldi nefndin vera aukna undirbúningsmenntun kennaranema. Að höfðu samráði við menntamálaráðherra tók nefndin þetta ákvæði löggjafarinnar til endurskoðunar með það í huga, að það yrði lagt fyrir Alþingi til afgreiðslu fyrir vorið 1970. Hinar fyrirhuguðu breytingar á inntökuskilyrðum yrðu að sjálfsögðu í samræmi við endanlega, endurskoðaða löggjöf um Kennaraskóla Íslands.

Eftir ýtarlegar umræður urðu nefndarmenn sammála um að gera m. a. eftirfarandi breytingartillögur við 5. grein laganna um inntökuskilyrði:

- a) Krefjast skal stúdentsprófs eða igildis þess (tveggja ára aðfaranáms eftir loka-próf úr framhaldsdeildum gagnfræðaskóla) af þeim, sem hyggjast stunda almennt kennaranám.
- b) Almennt kennaranám skal vera þriggja ára nám og skal því lokið með almennu kennaraprófi, er veiti kennararéttindi í barna- og unglingaskólum landsins (samanber þó ákvæði um reynslutíma nýliða og embættispróf kennara í 10. grein þessa lagafrumvarps).

Í samræmi við þessi megináhrif gerði nefndin tillögur til breytinga á 2. og 5. grein laga nr. 23/1963 um Kennaraskóla Íslands og lagði þær fyrir menntamálaráðherra.

Fyrri hluta aprílmánaðar átti nefndin tvívegis fund með ráðherra. Greindi hann frá því, að ríkisstjórnin og stuðningsflokkar hennar teldu tillögur nefndarinnar hafa borizt of seint, til þess að Alþingi gæti tekið afstöðu til þeirra fyrir þingslit. En til þess að koma að nokkru leyti til móts við sjónarmið nefndarinnar kvaðst ráðherra mundu heimila hækkun á tilskilinni lágmarkseinkunn gagnfræðinga, er sæktu um kennaranám haustið 1970, svo og gera öllum umsækjendum um 1. bekk kunnugt, að fyrir næsta Alþingi yrði lagt frumvarp til nýrra laga um Kennaraskólann. Megi þar gera ráð fyrir lengingu náms til kennaraprófs frá því, sem verið hefur. Mundi ákvæði þeirra laga taka til þeirra nemenda, sem skráðir yrðu í skólann haustið 1970.

Nokkurt hlé varð vegna annríkis á störfum nefndarinnar frá miðjum apríl og fram í júlí, en áður hafði formaður lagt fram drög að efnisatriðum væntanlegs lagafrumvarps. Var fjallað um þau á fundi nefndarinnar í júlí og ýmsar breytingar gerðar. Loks sat nefndin á rökstólum samfleytt dagana 24.—29. ágúst. Á þeim fundi lágu fyrir frumdrög, sem formaður hafði gert að lagafrumvarpi. Um þau var fjallað þessa fimm daga og drögin rædd, endursamin og afgreidd ágreiningslaust af nefndinni.

#### **Gerbreytt kennaramenntun.**

Frumvarpið gerir ráð fyrir gerbreytingu á kennaranáminu. Sérstaklega á það við um eftirtalin atriði:

1. Kennaramenntunin er sett á háskólastig og heitir skólinn Kennaraháskóli Íslands.
2. Inntökuskilyrði í skólann verður stúdentspróf eða annað jafngilt nám.
3. Námið verður skipulagt sem þriggja ára nám.
4. Verklega þjálfunin á skólatímanum verður eigi skemmri en 12 vikur, og er það stórfelld aukning frá því, sem verið hefur.

5. Sérhæfing er aukin bæði með hliðsjón af kennslugreinum, aldri nemenda og sérlegri gerð þeirra. Valfrelsi er aukið að sama skapi.
6. Nýliðar, sem lokið hafa kennaraprófi frá Kennaraháskóla Íslands, skulu njóta tveggja ára leiðsagnar og starfsþjálfunar, áður en þeir öðlast skipun í kennara-  
starf.
7. Kennaraefnum er skylt að taka þátt í almennum framleiðslu- og þjónustustörf-  
um eða vinna á uppeldisstofnun eigi skemur en 4 mánuði samanlagt á náms-  
tímanum.
8. Rektor skal kjörinn til 4 ára í senn.
9. Rektor til aðstoðar er skólaráð auk skólastjórnar. Fulltrúar nemenda eiga sæti í  
skólastjórn og skólaráði.
10. Fastir kennarar skólans skulu vera prófessorar, dósentar og lektorar auk stunda-  
kennara.
11. Koma skal á fót rannsóknarstofnun uppeldismála.

*B. Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Í eftirfarandi greinargerð eru athugasemdir gerðar við þá töluliði eina, sem nefndin telur þurfa skýringa við.

**1. gr.**

1. tl. Visindaleg rannsóknarstarfsemi í uppeldis- og kennslufræðum verður að teljast eitt helzta viðfangsefni kennaraháskóla. Hann getur ekki látið sér nægja að kynna nemendum sínum erlendar kenningar og nýjungar á þessu sviði, heldur þarf hann að hafa tók á að sannreyna gildi þeirra í íslenzku umhverfi og leita nýrri og betri kenninga og aðferða í námi og kennslu.
5. tl. Með þessu ákvæði á að tryggja bæði heildarsýn yfir þörfina á endurmenntun kennara á hverjum tíma og heildarstjórn á framkvæmd hennar. Í því skyni er mikilvægt, að skólinn hafi nána samvinnu við skólarannsóknadeild menntamálaráðuneytisins.

**2. gr.**

2. tl. Þessu ákvæði um skólanefnd kennaraskóla er ætlað að tryggja, að í kenningu og verki nýtist sjónarmið og reynsla þeirra, sem mesta ábyrgð bera á kennara-  
menntuninni í landinu og mest eiga undir henni.
3. tl. Nýmæli er, að skólaráð aðstoði rektor og skólastjórn við umsjón með stofn-  
uninni. Þar sem skólastjórn er mjög fjölmenn samkoma, á þetta ákvæði að  
auðvelda stjórn skólans í framkvæmd. Aðild nemenda að ráðinu er í sam-  
ræmi við nútímahugmyndir um hlutdeildarlýðræði.

Um skorir skólans er fjallað í skýringum við 8. gr.

4. tl. Með hliðsjón af hinni öru framvindu í uppeldis- og kennslufræðum verður að telja æskilegt að skipta um forstöðumann skólans eigi sjaldnar en á fjögurra til átta ára fresti, ef forða á stofnuninni frá stöðnun og forstöðumanni hennar frá ofþjökun.

**3. gr.**

2. gr. hér að framan.


**4. gr.**

1. tl. Óhjákvæmilegt er að krefjast stúdentsprófs til inntöku í Kennaraháskóla Ís-  
lands. Koma þar bæði til æ strangari kröfur um almenna menntun, svo og  
sú veigamikla staðreynd, að nauðsynlegri, faglegri og kennslufræðilegri sér-  
hæfingu kennaraefna verður eigi við komið á þeim tíma, sem frumvarpið  
kveður á um, nema nemendur hafi áður aflað sér stúdentsmenntunar eða  
ígildis hennar.

Niðurlagsliður greinarinnar lýtur að því að meta menntun þeirra eða verðleika, sem getur í 2.—4. tl. greinarinnar.

Mynd 1

# KENNARAMENNTUN 1969-1970



1	Skólaár	○	Lokapróf
----	Deildarskipting, Valfrelsi námsgreina	◁	Réttur til háskólanáms
▩▩▩▩	Verklef þjálfun	▷	Réttur til sérfræðináms
		X	Innlökuþróf
		FS	Forskóli

Á mynd 1 er gerð grein fyrir skipan kennaranáms á Íslandi svo sem hún hefur verið fram á haustið 1970. Á mynd 2 eru skýrð tengsl Kennaraháskólans við gagnfræða- og menntaskólastigið, svo sem þau stig eru nú.

Í viðauka I er rakið, hvenær og hvernig breytingar mega ganga fram.

#### 5. gr.

Ákvæði þetta er ásamt með ákvæðum um undirbúningsmenntun kennaraefna meginatriði frumvarpsins í þeim skilningi, að lengd námstímans setur umtaki námsins endanlegar skorður.

Þær þjóðir, sem Íslendingar eiga mest samskipti við í menningarlegum efnum, telja 3 ár að afloknum prófum, er veita réttindi til háskólanáms, lágmarksnáms-tíma fyrir kennara á skyldunámsstigi. Af þessu er einnig fengin veruleg reynsla í Kennaraskóla Íslands. Þar hafa ekki reynzt tók á því, fremur en á Norðurlöndum, að fullnægja lágmarkskröfum um uppeldisfræðilega þekkingu, verklega þjálfun né heldur sérþekkingu í aðalgreinum kennaraefnis, ef ekki er rýmri tími til umráða en 2 vetur eftir stúdentspróf eða 4 eftir landspróf (sbr. einnig viðauka I). Nefndin vekur sérstaklega athygli á því, að ekkert hefur dregið úr kennaraskorti utan þéttbýlissvæðanna á undanförunum árum, enda þótt fjöldi brautskráðra kennara hafi margfaldast (sbr. töflur í viðauka I). Breytingar á lengd námstímans virðast heldur ekki hafa haft nein áhrif í þessu efni. Því eru engin haldbær rök fyrir því, að lenging námstímans muni auka vandann, heldur mun þörf að leita annarra haldbetri skýringa á kennaraskortinum.

#### 6. gr.

Sjötta og sjöunda grein fjalla um viðfangsefni kennaranámsins og innbyrðis hlutföll þeirra á námsskrá og stundatöflu skólans.

Breytingar frá ákvæðum gildandi laga eru einkum þessar:

- a) Auknum tíma er varið til verklegrar þjálfunar.
- b) Sérhæfing er meiri, bæði með hliðsjón af einstökum greinum, aldursstigi og sérlegri gerð nemenda.
- c) Frelsi verður meira til að kjósa sérsvið, bæði aðalgreinar og uppeldisfræðilegt sérsvið.

Fjöldi uppeldisfræðilegra sérsviða mun verða ákvarðaður í reglugerð, en þau verða væntanlega þrjú, kennsla á barnastigi, einkum byrjendakennsla, kennsla á unglingastigi og kennsla afbrigðilegra ungmenna.

Sérhvert kennaraefni skal kjósa 2 aðalgreinar (valgreinar) hið fæsta, auk uppeldisfræðilegs sérsviðs. Nám í aðalgrein veitir rétt til að kenna í hvaða bekk sem er innan skyldustigs, og skal það ákveðið nánar í reglugerð.

Reynsla hefur sannað, að ýmsum þáttum kennaramenntunar verður bezt sinnt á námskeiðum, þar eð viðfangsefni eru ekki svo tímafrek, að þau skipist eðlilega á samfellda stundaskrá. Nefna má umferðarfræðslu, skógrækt, skíðaferðir, útivist og ábyrgja stjórn á nemendahópum í ferðalögum, hjálp í viðlögum, meðferð kennslu-tækja o.fl.


#### 7. gr.

Á fjárlögum undanfarinna ára hefur Kennaraskólanum verið heimilað að hafa deildarkennara, en þeir hafa haft faglega umsjón með kennslu í greinum skólans. Slík umsjón er nauðsynleg, hefur enda verið iðkuð í skólum landsins um langt skeið og heimiluð í lögum, þótt hún muni ekki hafa verið afmörkuð skilmerkilega fyrr en með menntaskólalöggjöfinni nýju, þegar Háskóli Íslands er undanskilinn.

Skipun starfs og viðfangsefna á skorir á að stuðla að nákvæmni í skipulagningu, öryggi í framkvæmd og góðri nýtingu á mannafla, tíma, tækjum og mannvirkjum.

Með aðild hvernar skorar að skólaráði er stefnt að því að gera stjórn skólans samvirka og efla tengslin milli skora innbyrðis.

# KENNARHAŠKÖLL ÍSLANDS



Námsgreinar eru óbreyttar frá því, er verið hefur, nema leiklist er bætt við. Nokkur kunnátta kennara í þeirri list getur auðgað líf og starf í skólum á flestum aldursstigum, ekki sízt hinum yngri.

#### 8. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli. Miklu varðar, að kennarar hljóti bein og raunsönn kynni af kjörum þeirra, er öðrum störfum gegna, svo að þeir öðlist á þeim ljósan skilning á öruggum forsendum, en sú er helzt vörn gegn samfélagslegum fordómum. Slíkur skilningur er einnig skilyrði fyrir öryggi, sveigjanleik og viðbragðsflýti í þeim fjölbættu mannlegu samskiptum, sem kennarans biða.

#### 9. gr.

Grein þessi stefnir að því að hagnýtt verði vísindaleg þekking á gerð prófa og réttmæti þeirra, sem og að nemandanum nýtist sá tími jafnframt í námi, er til prófa er varið. Einnig miðar hún að því að draga úr kostnaði við próf, hvort heldur er í starfi nemenda eða prófdómara.

Próf í lok fyrsta námsárs, sbr. 3. tölulið, á að skera úr um það, hvort nemandi lætur kennsla eða ekki, svo að hann geti í tæka tíð snúið sér að öðru námi eða starfi, ef vill.

#### 10. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli og á að tryggja kennaraefni þá þjálfun og leiðsögn, sem hvergi vinnst nema á vettvangi. Það á enn fremur að tryggja, að kennaraefni kynnist á eðlilegan, raunhæfan og frjóan hátt þeim viðfangsefnum, stofnunum og aðilum, sem hann á að starfa með, sem og að ungum og óreyndum kennara sé ekki falin kennsla eða viðfangsefni, sem hann veldur ekki án aðstoðar og eftirlits.

Íslenzk kennaraefni eru yfirleitt lausráðin fyrstu árin, ýmist sem stundakennarar eða sett í stöður. Þannig er þeim í framkvæmd gert skylt að gangast undir reynslutíma, en hending látin um það, hver úrslitin verða. Ákvæðin um lágmarks- og hámarks-kennslustundafjölda nýliðanna lúta að því, að þeir skuli hljóta fullnægjandi reynslu í starfi og þó hafa svigrúm til frekara náms, en örðugt gæti reynzt að veita öllum nýliðum færi á hámarksstundafjölda í kennslu.

Ákvæði um, að námsstundir mest til launa sem kenndar stundir fela í sér viðurkenningu á nauðsyn þessa þáttar í starfi nýliðans.

#### 11. gr.

Þó að skipulag skólans breytist, verða uppeldisgreinarnar, sálarfræði, uppeldisfræði, kennslufræði, kennsluæfingar og saga uppeldisins í kenningu og framkvæmd, aðalviðfangsefni kennaranámsins sem fyrr. Á það við hvort tveggja magn námsins í kennslustundum talið sem og stöðu þessara greina meðal annarra viðfangsefna kennaranámsins og í tengslum við þau. Af þessum sökum verður að ætla uppeldisskorinni meira starfslið en öðrum skorum. Mun ekki verða vel fyrir starfi þessarar skorar séð, nema þar vinni tveir prófessorar og tveir dósentar, hið fæsta.

Störf kennaranna skiptast einkum á kennslu og rannsóknarstörf. Prófessorar munu auk kennslu sinnar bera meginábyrgð á rannsóknarstörfum innan hvers skorar, en dósentar og aðrir kennarar munu einnig sinna vísindastörfum eftir því sem rétt þykir og við verður komið.

Rannsóknarstörfin munu einkum beinast að uppeldislegum markmiðum, náms-efni, uppeldis- og kennsluáðferðum. Því munu vísindamenn hvers skorar öðru fremur fást við kennslufræði greinar sinnar, fylgjast með stöðu hennar innan íslenzka skólakerfisins á hverjum tíma og meta, með hliðsjón af gildi hennar, vinnubrögð, áðferðir og aðstöðu í skólum landsins og vinna að því, að Kennara-

háskólinn miðli kennaraefnum þeirri kunnáttu og leikni, er hæfa námsgreininni, stöðu hennar og hlutverki í íslenskum skólum. Má því vænta, að tengsl verði nán milli vísindastarfa í uppeldisskor og öðrum skorum skólans.

Einu máli gildir hver námsgrein er kennd í skyldunámsskóla, allar krefjast þær mikils tíma og mikils fjár og ráða úrslitum fyrir sérhvert barn á einhvern veg. Er því einsætt, hversu afdrifaríku hlutverki þeir aðilar gegna, sem tryggja skulu af hálfu Kennaraháskólans, að kennaraefni hljóti þann undirbúning, að nám hvernar greinar megi nýtast hverju barni sem bezt.

Nú eru viðfangsefni hvernar skorar í Kennaraháskólanum fjölbreytileg og raunar sundurleit í sumum þeirra. Engu að síður mælir nefndin með því að aðeins einn prófessor verði ráðinn að hverri eftirtalinna skora: í félagsgreinum, raungreinum og listgreinum, en tveir í málum, enda eru íslensk fræði, einkum móður-málið, fyrirferðamest námsefni á skyldustigi, og erlendu málin munu einnig skipa þar mikið rúm í framtíðinni. Þótti því rétt að ætla einn prófessor fyrir hvort þessara sviða. Dósentar eru hins vegar ætlaðir tveir á aðrar skorir en málaskor, þar er gert ráð fyrir einum.

Ef reynsla leiðir í ljós, að mannaflí þessi fullnægi ekki hlutverki skólans, verður að ætla, að löggjafinn leiðrétti það.

Í heild telur nefndin eðlilegt, að hlutfall kennara og nemenda verði nálægt því 1:15 til 1:12.

#### 12. gr.

Rétt þykir, sbr. 3. tl., að heimila undanþágu frá ákvæði um fullnaðarpróf frá háskóla við skipun fastra kennara við Kennaraháskóla Íslands, standi svo á, að próflaus maður hafi með starfi og rannsóknum sannað þá verðleika, að dómnefnd dæmi hann hæfan til starfsins.

Rétt þykir, að skólaráði sé heimilt að æskja skipunar á dómnefnd til að fjalla um hæfi umsækjenda um lektorsstöður, ef vafi þykir leika á verðleikum þeirra, sbr. 4. tl.

#### 13. gr.

Hér eru taldir þeir starfsmenn einir, sem þegar er viðurkennt með lögum, að þörf sé fyrir á framhaldsskólastigum, nema hvað æfingastjóri bætist hér við. Nauðsyn á starfi hans hefur verið viðurkennd á fjárlögum á undanförunum árum. Leiðir þetta starf af sérstöðu fjölmenns kennaraskóla. Sjá og greinargerð með lögum 20. marz 1970 um menntaskóla, að því er varðar aðra starfsmenn, sem nefndir eru í þessari grein.

#### 14. gr.

Eigi menntunarstarf Kennaraháskóla Íslands að koma að tilætluðum notum fyrir framtíðarskólakerfi þjóðarinnar, er nauðsynlegt að tryggja, að kennarar skólans stundi vel skipulagðar, vísindalegar rannsóknir á sviði uppeldismála (sbr. grg. með 1. gr. frumvarpsins). Hið sama á við um starf Háskóla Íslands að menntun kennara og annarra uppalenda. Nefndin taldi, að bezta aðferðin til að efla slíkar vísindarannsóknir og forðast tvíverknað, væri að setja á laggirnar rannsóknarstofnun, er lyti sjálfstæðri stjórn, en væri í lífrænum tengslum við báða háskólana og fengi flestalla starfskrafta sína frá þeim.

#### 15. gr.

Samkvæmt greininni yrði stjórn Rannsóknarstofnunar uppeldismála þannig skipuð, að miðlun á upplýsingum milli allra helztu aðila, sem fást munu við rannsóknir á sviði uppeldis- og skólamála á Íslandi eða stjórna þeim næstu árin, ætti að vera tryggð. Með því yrði komið í veg fyrir, að til óþarfs og óheppilegs tvíverknaðar kæmi, jafnframt því, sem nokkur skilyrði yrðu sköpuð til þess, að viðtæk samvinna næðist um starfsskiptingu við umfangsmikil rannsóknarverkefni.



Með greininni er reynt að tryggja sem allra bezt, að báðir háskólarnir, Kennaraháskóli Íslands og Háskóli Íslands, séu eftir föngum jafnréttiháir gagnvart stofnuninni, t. d. verða skv. greininni regluleg víxl á forstjórastarfinu, þrjú ár í senn fyrir starfsmenn hvorrar stofnunar.

Visindalega menntað starfslið Rannsóknarstofnunar uppeldismála mætti væntanlega flokka í fernt:

- 1) forstjóri (hálf laun),
- 2) sérfræðingar, yfirleitt í fullu starfi, og yrðu þeir ugglaut í allmörgum tilvikum kennarar í hlutaðeigandi háskólum, sem fengið hefðu tímabundið leyfi frá kennslustörfum til að helga sig vísindarannsóknum;
- 3) einstakir fastir kennarar Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands í fræðigreinum á starfssviði stofnunarinnar, sem fengju afslátt frá kennsluskyldu til að vinna að skilgreindum rannsóknarverkefnum;
- 4) kennaranemar og aðrir stúdentar, sem ynnu tiltekin aðstoðarstörf og fengju þá jafnframt þjálfun í fræðilegum vinnubrögðum.

Auk þess gætu prófessorar og dósentar fengið aðstöðu til að vinna að eigin rannsóknum í stofnuninni, en þægju þá engin laun frá henni.

Á það ber að leggja þunga áherzlu, að Rannsóknarstofnun uppeldismála gæti orðið að ómetanlegu gagni, jafnvel þótt hún væri ekki stór. Ef gert er ráð fyrir því t. d., að stofnunin taki til starfa í ársbyrjun 1973, mætti vel hugsa sér, að vinnuafli hennar yrði um það bil sem hér segir fyrstu þrjú árin:

- a) forstjóri, í hálfu starfi;
- b) einn sérfræðingur í fullu starfi;
- c) tveir dósentar, sem samanlagt hefðu kennsluafslátt, er næmi hálfu lektorsstarfi;
- d) einn stúdent, í hálfu starfi aðstoðarmanns.

Ef reiknað er með kaupgjaldi í sept. 1970, þá næmu hálf prófessorslaun um kr. 17 000.00 á mánuði, sérfræðingslaunin um kr. 28 000.00 á mánuði fyrir fullt starf, hálf lektorsstarf um kr. 14 000.00 á mánuði og hálf aðstoðarmannsstarf um kr. 10 000.00 á mánuði. Yrði þá árlegur rekstrarkostnaður fræðistarfanna sem hér greinir, eftir að búið væri að gera ráð fyrir nokkurri aðkeyptri tölfræðiaðstöð og tölvureikningi, sem hvort tveggja yrði nauðsynlegt að einhverju marki:

a. Forstjóri .....	kr. 204 000.00
b. Sérfræðingur .....	— 336 000.00
c. Hálf lektorsstarf, vegna kennsluafsláttar .....	— 168 000.00
d. Aðstoðarvinna .....	— 120 000.00
e. Aðkeypt tölfræðiaðstöð .....	— 50 000.00
f. Tölvureikningur og undirbúningur hans .....	— 50 000.00

Samtals kr. 928 000.00

16.—22. gr.

Ákvæði um Æfinga- og tilraunaskólann mega kallast óbreytt, nema hvað rétt þykir að fela rektor Kennaraháskóla Íslands stjórn Æfingaskólans og tryggja með því samræmda starfsemi stofnunarinnar.

23. gr.

Um orlof.

Nefndin ákvað að taka 32. gr. Frumvarps til laga um grunnskóla upp óbreytta. Við texta þeirrar greinar var síðan bætt tveimur málsgreinum. Næstsíðasta mgr. er tekin nánast óbreytt úr Lögum um menntaskóla frá 20. marz 1970. Síðustu málsgrein var bætt við til þess að tryggja, að veiting launalausra leyfa til handa kennurum Kennaraháskóla Íslands ætti sér stoð í lögum.

### Ákvæði til bráðabirgða.

1. Með bréfi menntamálaráðherra til skólastjóra Kennaraskóla Íslands, dags. 12. maí 1970, var ákveðið, að þeir, er settust í Kennaraskóla Íslands 1970 og síðar, skyldu gera ráð fyrir að stunda nám eftir nýrri löggjöf með lengdu námi. Ráðherrabréfið tók þó eigi til stúdenta. Því munu stúdentar, sem og nemendur þeir, er skráðir voru í 1. bekk skólans 1969 eða fyrr, stunda nám og ljúka því samkvæmt gildandi lögum. Til þess er ætlazt, að hið lengda undirbúningsnám jafngildi menntaskólanámi.
2. Nemendur í síðasta árgangi gamla kerfisins ljúka kennaraprófi vorið 1973, og eiga þeir rétt á að setjast í menntadeild skólans samkvæmt núgildandi lögum. Er því skylt að gera þeim kost á því veturinn 1973—'74. Eftir þann tíma virðist ekki ástæða til að halda menntadeild við Kennaraháskóla Íslands, þar eð stúdentar einir eða þeirra jafningjar munu þá setjast í skólann. Þó er sanngjarnt að tryggja þeim kennurum, er hug hefðu á framhaldsnámi í háskóla, rétt til þess. Að því lýtur þetta ákvæði.
3. Það hefur reynzt kennaraskólum á háskólastigi meginvandi að tryggja lifandi tengsl við hin lægri skólastig. Framhaldsdeildir, hóflega fjölmennar í tengslum við Kennaraháskóla Íslands ásamt Æfinga- og tilraunaskólanum leysa þann vanda á eðlilegan hátt.  
Þá er enn óráðstafað því námi, sem nemendur af uppeldiskjörsviði í framhaldsdeildum gagnfræðaskóla, er á kennaranám hyggja, skortir til jafns við stúdentana. Við skipulagningu þess mun æskilegt að hafa nokkra hliðsjón af væntanlegu kennaranámi. Af þeim sökum mun Kennaraháskóli Íslands vel við því búinn að annast menntun þeirra.
4. Það er hagsmunamál skólans að njóta starfskrafta þeirra, sem þegar hafa öðlzt mikilvæga reynslu af því að búa kennaraefni undir störf. Allur þorri starfandi kennara við skólann fullnægir settum skilyrðum um hæfi til lektorsembættis.

### VIÐAUKI I

Þættir úr greinargerð laganefndar með frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 23/1963 um Kennaraskóla Íslands, er nefndin lagði fyrir menntamálaráðherra á öndverðu þessu ári, sbr. bls. 10.

Í kafla þeim, er hér fer á eftir, er gerð grein fyrir þörfinni á auknu undirbúningsnámi kennaraefna. Lýst er, hversu löggjöfin frá 1963 ákvarðaði kröfur um nám og þjálfun, sem ekki var unnt að ná miðað við undirbúningsmenntun kennaraefna og námstíma þann, sem lögin bundu.

Þá eru skýringarmyndir og töflur um þróun skólans og fyrirhugaðar breytingar. Menntun landsprófsmanna og gagnfræðinga hefur reynzt allsendis ófullnægjandi undir kennaranám. Á undanfórnum árum hefur hundraðshluti fallinna kennaranema á 1. námsári í almennri kennaradeild verið öðru hvoru megin við 30 á ári. Hefur þurft að verja óhæfilega miklum tíma til almennrar menntunar, en misjafn undirbúningur kennaraefna hefur um árabíl torveldað eðlilega skipulagningu á kennaranáminu og klofið það.

Tími sá, er ætlaður hefur verið til kennaranámsins í þröngum skilningi, hefur og reynzt ónógur. Er það að vonum, því að nærri lætur, að kennaraefnum hafi með löggjöfinni frá 1963 verið ætlað að tileinka sér tveggja ára námsefni fram yfir það, er lögfestur námstími hrökk til að sinna.

Með lagabreytingum þessum eru ákvæðin um undirbúningsmenntun allra kennaraefna samræmd og tengd við þær námsbrautir, er markaðar voru með lögum um framhaldsdeildir við gagnfræðaskóla frá 27. ágúst 1969, auk þeirra, er fyrir voru.

Námstími þeirra kennaraefna, er stúdentsprófi hafa lokið, er lengdur úr 2 árum í 3, og sömu námskröfur eru gerðar til hinna, er aðra leið koma inn í Kennaraskólann. Er lenging þessi að nokkru komin á í verki með námi þeirra landsprófs- manna og gagnfræðinga, er settust í 1. bekk framhaldsdeildar við gagnfræðaskóla á síðastliðnu hausti, en rétt þykir að kennaranám stúdenta verði lengt í 3 ár frá og með haustinu 1971.

Frá og með haustinu 1973 munu því stúdentar og aðrir nemendur í bóklegu kennaranámi í Kennaraskólanum eiga fulla samleið.

Athygli er vakin á því, til frekari skýringar, að undirbúningsnám gagnfræðinga og landsprófsmanna lengist og breytist með þeim hætti, að þeir verða 2 ár í framhaldsdeildum (fjölræðideildum) gagnfræðaskóla eftir landspróf eða gagnfræðapróf og síðan 2 ár í aðfaranámi kennaranáms. Verður aðfaranámið hliðstæða eða ígildi 2ja síðustu bekkja menntaskólanáms.

Að aðfaranámi loknu hefst kennaranám í þröngum skilningi:

Í almennu kennaradeildinni hefur megninu af tímanum tvö fyrstu árin af fjórum verið varið til náms í almennum greinum, en sérgreinar kennaranáms verið stundaðar tvö síðustu árin. Nú lengist sá hluti námstímans í þrjú ár, en almenna náminu að mestu lokið fyrir þann tíma.

Þannig mun námið til lokaprófs í Kennaraskólanum taka sjö ár eftir landspróf eða gagnfræðapróf, hvort sem nemendur setjast í bóklegu deildina eða handavinnudeildina að afloknu stúdentsprófi í menntaskóla eða aðfaraprófi í Kennaraskólanum.

Breytingar á námstíma má og setja fram á eftirfarandi hátt:

**Gamla skipanin:**

Inntökuskilyrði:	Kennaranám:	Heildarnámstími:
1. Gagnfrpr. eða landspróf	Almenn kennaradeild 4 ár	4 ár
2. Gagnfrpr. eða landspróf	Undirbúningsdeild sérnáms 2 ár handavinnudeild 2 ár	4 ár
3. Stúdentspróf eftir 4 ár frá landsprófi	Kennarad. stúdenta 2 ár	6 ár

**Nýja skipanin:**

1. Próf úr framhaldsdeild gagnfræðaskóla eftir 2 ár + aðfaranám 2 ár + alm. deild 3 ár. Alls 7 ár.
2. Próf úr framhaldsdeild gagnfræðaskóla eftir 2 ár + aðfaranám 2 ár + bókl. kennaranám 1 ár + handav. 2 ár. Alls 7 ár.
3. Stúdentspróf eftir 4 ár, aðfaranám + almenn deild 3 ár. Alls 7 ár.
4. Stúdentspróf eftir 4 ár + bóklegt nám 1 ár + handav. 2 ár. Alls 7 ár.

Í athugasemdum við frumvarp til laga um Kennaraskóla Íslands, sem lagt var fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi 1962—1963, segir svo í 2. gr., 2. lið, bls. 15, en þar er fjallað um lágmarksnámstíma stúdenta í Kennaraskóla Íslands:

„... Hér er gert ráð fyrir tveggja ára námi, svo sem er annars staðar á Norðurlöndum nema í Danmörku, þar sem námstíminn er 3 ár. Fyrst um sinn er þó ráðgert eins árs nám, þar sem tvöföldun námstímans myndi vafalaust draga úr aðsókn, sem ekki er æskilegt, meðan kennaraskortur er...“

Nú er svo komið um Norðurlönd öll, að námstími kennara á skyldustigi hefur í flestum greinum verið lengdur í 3 ár eftir stúdentspróf eða undirbúin löggjöf um það efni, nema hvað Danir krefjast 3½—4 ára náms og í Svíþjóð ljúka kennarar í

Mynd 3

	1969-70	1970-71	1971-72	1972-73	1973-74	1974-75	1975-76
ALM. KENNARAÐEILD	1 2 3 4 <sup>o</sup>	2 3 4 <sup>o</sup>	3 4 <sup>o</sup>	4 <sup>o</sup>	1 ←	1 2	1 2 3 <sup>o</sup>
KENNAÐ. STÚÐENTA	1	1 2 <sup>o</sup>	1 2 <sup>o</sup>	1 2 <sup>o</sup>	1 2 3 <sup>o</sup>		
AÐFARANÄM			1	1 2			
UNDIRBÚINGSD. SÆRN.	1 2	2					
HANÐAVINNUDEILD	1 2 <sup>o</sup>	1 2 <sup>o</sup>	1 2 <sup>o</sup>	2 <sup>o</sup>	1 2 3 <sup>o</sup>	1 2	1 2 <sup>o</sup>

SKÝRINGAR:

- SKÓLAÆR GAMLA SKIPANIN
- D SKÓLAÆR NÝJA SKIPANIN
- KENNAÐRAPRÖF
- B BÖHLEGT NÄM HANÐAVINNUHENNARA

Áætlun þessi er miðuð við tilkomu framhaldsdeilda í gagnfræðaskólum haustið 1969. Þar sem inntaka nemenda í Kennaraskólann var ekki takmörkuð það haust fram yfir það, er verið hafði undanfarin ár, má vera, að svo fáir hafi sótt um upplidskjörsvið gagnfræðaskólanna á sama tíma, að þaðan komi ekki nemendur í aðfaranám fyrr en haustið 1972. Yrðu þá fyrstu kennararnir, er þessa leið velja, brautskráðir 1977, en ekki 1976.

yngrri deild (lágstadiet) námi á 2½ ári, en lenging er líkleg. Skólaár í þessum löndum er auk þess lengra en á Íslandi, sbr.:

Danmörk: Lov nr. 235 af 8. juni 1966, gr. 8, Stk. 5.

Finnland: Lag angående ändring av lagen om folkskoleseminarier, 13. juni 1967, gr. 2.

Noregur: Framlegg til lov om lærarutdanning, 19. des. 1968, gr. 3.

Svíþjóð: Kungl. Majs:ts stadga för lärarhögskolorna, SFS 1968—318, gr. 19 og gr. 25.

Frá öðrum þjóðum á áþekku stigi menningar og mennta er svipaða sögu að segja.

Fyrir framangreindum lágmarksnámstíma kennara eru einföld rök:

1. Það er alþjóðleg reynsla, að eigi verður komið af með öllu minna en um það bil tvo þriðju hluta úr námsári til þess eins að veita kennaraefnum viðhlítandi verklega þjálfun, og þarf að vanda því betur til þeirrar þjálfunar sem kenna skal yngra aldursflokki.
2. Fræðilegar uppeldisgreinar eru annar tímafrekur þáttur í kennaranámi. Verður þeim ekki sinnt að gagni á skemmri tíma en einu til einu og hálfu ári.
3. Þá er þörf á sérhæfingu orðin svo mikil, bæði með hliðsjón af einstökum kennslugreinum, aldurs skeiðum og gerð nemenda, að eitt ár hrekkur ekki til að veita fullnægjandi kunnáttu og leikni.
4. Loks koma til ýmsar listgreinar og aðrar greinar, sem kennarar þurfa á að halda og ekki hefur verið lögð rækt við í undirbúningsnámi þeirra.

Til frekari skýringar á þörfinni á bættu undirbúningsnámi og auknu kennaranámi, vekur nefndin athygli á eftirtöldum atriðum:

Þó að löggjöfin um Kennaraskóla Íslands sé aðeins 7 ára gömul, er þörfin á að endurskoða hana orðin næsta brún. Því valda eigi aðeins þær almennu breytingar, sem orðið hafa á námskröfum á þessu árabili. Hitt hefur reynzt afdrifaríkara, að lagasetningin var miðuð við ýmsar forsendur, er ráku framkvæmdir í beina sjálfheldu þegar í upphafi.

Á fundum nefndarinnar, er undirbjó löggjöfina frá 1963, var mjög um það rætt, að námið í almennu kennaradeildinni skyldi vera 6 ár, en í kennaradeild stúdenta 2 ár. Frá hvoru tveggja var horfið, en lagt í hendur framkvæmdavaldsins að lengja námið í kennaradeild stúdenta, þegar tilfinnanlegasti kennaraskorturinn kynni að verða úr sögunni. Það hefur nú verið gert. Vandkvæðin á því að framkvæma löggjöfina fólust í eftirfarandi staðreyndum:


1. Veita skyldi öllum kennaranemum lágmarksþekkingu í almennum greinum.
2. Tryggja skyldi þeim sæmilega undirstöðuþekkingu og þjálfun í uppeldisgreinum.
3. Þeim skyldi gerður kostur á kjörfrelsi í náminu og húin aðstaða til sjálfstæðra vinnubragða.

Kröfur þær, sem taldar eru í 1. og 2. lið máttu heita sæmilega skilgreindar með þeim vikustundafjölda, sem til þeirra var ætlaður á stundaskrá skólans. Í almennu kennaradeildinni var samanlagður vikustundafjöldi 158, og skiptist jafnt að kalla á 4 ár. Meðalvikustundafjöldi var því 39.5. Þær stundir allar voru bundnar við námsgreinar í kjarna og því ætlaður öllum nemendum skólans. Slíkur vikustundafjöldi er með fullum ódæmum í kennaraskóla af því tagi sem Kennaraskóli Íslands telst til. Er ekki fjarri lagi, að 158 vikustundir sé hæfilegur fjöldi í 6 ára námi á slíku skólastigi, verður þá meðalfjöldi vikustundanna 26.

Þá er 3. liðurinn eftir, kjörfrjálsa námið. Hvar skyldi því námi ætlað rúm á stundaskrá, þar sem þegar voru skráðar 39.5 kennslustundir á viku hverri?

Slíku kjörfrjálsu kennaranámi er eðlilegt að ætla stundafjölda sem svarar til um það bil eins árs náms og þó fremur meira en minna. Því voru fullgild rök til þess að lengja kennaranámið verulega þegar við síðustu endurskoðun á löggjöfinni, þó að það yrði ekki nema umræðan ein.

Mynd 4



**Tafla 1**  
**Nemendafjöldi á hausti.**

	Almenn kennaradeild				Kenn.d. stúd.	Handa- v.d.	Mennta- deild	Frh.- deild	Alls
	4. b.	3. b.	2. b.	1. b.					
1908 .....		32	15	10					57
1909 .....		24	19	22					65
1910 .....		19	24	15					58
1911 .....		19	22	14					55
1912 .....		21	22	15					58
1913 .....		23	24	18					65
1914 .....		20	12	12					44
1915 .....		10	17	19					46
1916 .....		13	16	17					46
1917 <sup>1)</sup> .....									
1918 .....		21	7	7					35
1919 .....		6	17	8					31
1920 .....		14	17	17					48
1921 .....		15	23	8					46
1922 .....		23	17	15					55
1923 .....		17	23	9					49
1924 .....		21	18	9					48
1925 .....		17	16	13					46
1926 .....		18	20	14					52
1927 .....		21	28	13					62
1928 .....		26	17	7					50
1929 .....		21	16	7					44
1930 .....		21	24	14					59
1931 .....		27	27	12					66
1932 .....		30	30	8					68
1933 .....		64 <sup>2)</sup>	19	16					99
1934 .....		25	32	10					67
1935 .....		34	25	15					74
1936 .....		36	24	10					70
1937 .....		36	26	18					80
1938 .....		29	26	23					78
1939 .....		43	29	33					105
1940 .....		27	32	23					82
1941 .....		31	27	21					79
1942 .....		26	23	8					57
1943 .....		25	14	10					49
1944 .....		15	16	19					50
1945 .....	14	17	21	9					61
1946 .....	18	25	19	11					73
1947 .....	25	26	19	9					79
1948 .....	28	28	27	13					96
1949 .....	29	33	27	6					95
1950 <sup>3)</sup> .....	32	29	20	14					95
1951 .....	30	24	25	16	14	26			135
1952 .....	24	31	18	22	14	26			135
1953 .....	29	22	25	19	6	24			125
1954 .....	22	26	19	15	12	21			115
1955 .....	26	18	12	15	10	20			101
1956 .....	19	11	13	21	15	18			97
1957 .....	13	15	23	20	19	25			115
1958 .....	14	24	15	27	19	24			123
1959 .....	26	19	18	28	16	28			135
1960 .....	20	15	22	29	26	25			137
1961 .....	15	25	24	56	24	26			170

1) Skólinn starfaði ekki, þar eð fé fékkst ekki til að kaupa kol til hitunar á skólahúsinu.

2) Þar af próflausir farkennarar 30.

3) Fram til 1950 höfðu stúdentar sótt kennslu með nemendum 3. og síðar 4. bekkjar.

**Tafla 1, frh.**

	Almenn kennaradeild				Kenn.d. stúd.	Handa- v.d.	Mennta- deild	Frh- deild	Alls
	4.	3.	2.	1.					
1962 .....	25	28	46	59	33	25			216
1963 <sup>1)</sup> .....	29	49	48	96	33	27			282
1964 .....	46	53	74	119	40	25			357
1965 .....	54	52	96	142	35	18			397
1966 .....	52	73	108	187	39	29			488
1967 .....	75	81	178	214	65	30	28		671
1968 .....	81	151	193	278	43	38	28 <sup>2)</sup>	9	821
1969 .....	150	177	220	272	38		44 <sup>3)</sup>	8	954
									8216

1) Haustið 1963 hefst undirbúningsdeild sérnáms.

2) Þar af 6 óreglulegir.

3) Þar af 7 óreglulegir.

Ath.: Á skýrslu þessari eru ekki taldir kennarar, er prófi luku í sérgrein, svo sem söng og handavinnu.

**Tafla 2**

**Nemendafjöldi á hausti. Meðaltöl 5 ára.**

Ár	Meðaltal í 1. bekk	Alls á árabílinu	4. bekkur alm.	Std. I	Stúdentar	Std. II
1908—1909 .....	16.0	32				
1910—1914 .....	14.8	74				
1915—1919 .....	10.2	51				
1920—1924 .....	11.6	58				
1925—1929 .....	10.8	54				
1930—1934 .....	12.0	60				
1935—1939 .....	17.8	89				
1940—1944 .....	16.2	81				
1945—1949 <sup>1)</sup> .....	9.6	48	22.80			
1950—1954 <sup>2)</sup> .....	14.2	71	27.40		12.00	
1955—1959 .....	22.0	110	19.60		15.80	
1960—1964 .....	72.0	360	27.00		31.20	
1965—1969 .....	218.6	1093	82.40		44.00	
1970—1971 .....	54.0		174.00	13		34

1) 4. bekkur hefst.

2) Stúdentar byrja að sækja skólann að ráði.

**Tafla 3**

**Nemendafjöldi í 2. bekk undirbúningsdeildar sérnáms.**

Ár	fjöldi
1964 .....	24
1965 .....	26
1966 .....	28
1967 .....	31
1968 .....	33
1969 .....	29
1970 .....	60



Sem kunnugt er, hefur aðsóknin að skólanum aukizt jafnt og þétt eftir 1960. Hefur aukningin einkum komið fram í almennu kennaradeildinni, en nemendum í henni hefur fjölgað á þessum tíma úr 86 í 819.

Stúdentum hefur einnig fjölgað verulega. Meðalfjöldi síðustu 5 ára er 44. Lenging námsins úr 1 ári í 2 virðist ekki hafa dregið úr aðsókninni að marki. Nemendur eru nú 38.<sup>1)</sup>

Áætluð árleg þörf á brautskráðum kennurum á skyldunámsstigi, miðað við óbreytt kerfi, er talin af sérfræðingum allt að 50 næstu 5 árin, en nálægt 300 við næstu aldamót. — Því virðist ekki ástæða til að óttast, að sú lenging kennaranáms, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, muni draga svo úr aðsókn, að kennaraskorti valdi, en skylt er að minnast þess, að margir og miklir annmarkar eru á því að gera trausta áætlun um kennarabörf langt fram í tímann.

Ekki er þó ólíklegt, að lenging námsins dragi allverulega úr aðsókn að sérnámi, en hvort tveggja er, að nú munu vera tvisvar til þrisvar sinnum fleiri nemendur í undirbúningsdeild sérnáms en svarar til eðlilegrar þarfar á sérkennurum og bolmagns sérskólanna, handavinnudeildarinnar og íþróttakennaraskólans, til að veita kennaraefnum viðtöku og ætla verður, að fram verði látin fara endurskoðun á menntun sérkennara samfara annarri endurskoðun á löggjöf um fræðslumál. Þótti nefndinni því ekki rétt á þessu stigi að gera tillögur til breytinga á lagaákvæðum um menntun handavinnukennara fram yfir það að tryggja þeim sömu stöðu og bóknámskennurum innan kerfisins.

Framanskráð línurit og töflur 1, 2 og 3, veita nokkra hugmynd um aðsókn að Kennaraskólanum frá stofnun hans 1908, og lýkur hér vitnun í greinargerð laga-nefndar frá 5. febrúar 1970.

## VIÐAUKI II

### Almenn menntun kennara í ýmsum löndum.

Hér á eftir verður lýst meginþáttum í almennri kennaramenntun nokkurra þjóða. Einnig er vikið að sérsviðum, en hvergi er þar um tæmandi lýsingu að ræða, heldur drepið á atriði, er skýra — beint eða óbeint — stöðu hinnar almennu kennaramenntunar. Því fer og fjarri, að greint sé frá kennaramenntun þeirra þjóða allra, er verða mættu Íslendingum til fyrirmyndar eða hvatningar; má þar t. d. nefna Hollendinga, Svisslendinga og Sovétmenn, og er þó fátt eitt talið.

Meðfylgjandi uppdráttur (mynd 5) á að sýna, hvernig kennaranámi er skipað í ýmsum grannlöndum í samanburði við Ísland. Uppdrátturinn lýsir tengslum hins almenna náms við kennaranámið með hliðsjón af aldri nemenda, lengd námstíma og greiningu náms eftir stigum hins almenna skólakerfis.

Samanburðurinn sýnir m. a. ljóslega eftirfarandi staðreyndir:

- a) Íslenskir kennaraskólanemar hefja almennt kennaranám 2—3 aldursárum fyrr en gerist meðal grannþjóðanna, en þær krefjast allar stúdentsprófs eða samþærilegrar menntunar til inntöku í kennaranám. Á sama hátt ljúka íslenskir kennaraskólanemar kennaraprófi miklum mun fyrr, eða 19—21 árs.
- b) Sökum naumrar undirbúningsmenntunar íslenskra kennaraskólanema þarf að verja miklum tíma til almennrar menntunar þeirra; því verður miklu skemmri tími aflögu til verklegrar þjálfunar en nauðsynlegt er talið meðal grannþjóðanna.

---

1) Haustið 1970 gerist þó breyting til markverðrar fækkunar, hvort sem hún reynist varanleg eða ekki.

Mynd 5

Samanburður á kennaranámi og kennsluréttindum í Danmörku, Svíþjóð, Þýzkalandi, Bandaríkjum N.-Ameríku og á Íslandi.

Áviár	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	
Danmörk	Folkeskolen																			
Svíþjóð	Lagstadiet	[---]																		
	Mellanst. Högstadiet.	[---]																		
Þýzkaland (Hessen)	1)																			
	Grundschule	[---]																		
U.S.A.	2)																			
	Primary	[---]																		
Ísland	Barnastig																			
	Ungl.st. Kennaraháskóli.	[---]																		

Skýringar:

Skólástíð, er kennaraefni  
öðlast rétt til að starfa á.

Kennaranám.

Réttindi takmörkuð við valgreinar.

Kennaranám að loknu námi í "fackskola".

1) Kennaraefni öðlast rétt til  
að kenna valgrein til loka  
"Realschule".

2) Kennaraefni öðlast rétt til að  
kenna á öðru hvoru stiginu,  
"primary" eða "secondary".

3 1/2 - 4 ár.

2 1/2 ár eftir "fackskola"  
eða gymnasium.  
3 ár eftir gymnasium.  
4 ár eftir gymnasium.

3 ár eftir gymnasium  
+ tveggja til fjögurra ára  
kennslustörf undir leiðsögn.

4 - 5 ár eftir High-school  
+ 1 ár verkleg og kennslu-  
fræðileg þjálfun.

4 ár eftir landspróf.  
2 ár eftir stúdentspróf.  
3 ár eftir stúdentspróf.

## DANMÖRK

### Forskólaaldur.

Á undanförunum árum hefur verið unnið að endurbótum á kennaramenntuninni í Danmörku á ýmsum sviðum, einkum þó á forskóla- og skyldunámsstigi (Børnehavn, Folkeskole). Jafnframt hafa verið gerðar tilraunir og rannsóknir og nefndir skipaðar til þess að undirbúa breytingar og gera tillögur um þær. Leikskólar (børnehaver) eru margir og góðir í Danmörku, en hafa ekki verið felldir inn í skólakerfið. Fáir einir eru á framfæri sveitarfélaga, sumir eru sjálfseignarstofnanir, sumir í umsjá félaga og samtaka.

Með lögum 1951 voru settar reglur um ríkisstyrk til leikskóla. (Arbejds- og socialministeriet). Taka þær einkum til fátækra barna. Stofnun og rekstur leikskóla er háður samþykki umsjónarmanns barnaverndarinnar (Overinspektøren for barne-tilsynet). Með löggjöfinni 1951 var komið á eftirliti í héraði; kys sveitarstjórn fulltrúa í stjórn leikskóla eða barnaverndarnefnd setur skólanum eftirlitsmann.

Námstími leikskólakennara — fóstura — (børnehavelærer) er 2 ár, sbr. tilskipun menntamálaráðuneytisins 12. júní 1961. Hugmyndir hafa þó komið fram um þriggja ára menntun, og 2. des. 1962 skipaði menntamálaráðherrann nefnd til þess að gera tillögur um kennaraskóla (seminar) fyrir fósturur og tómskundakennara; skyldi hún afmarka og skilgreina breytingarnar á lengdu námi úr 2 árum í 3. Nefndin skilaði álit í marz 1966 ásamt frumvarpi til laga um skóla fyrir kennara við leikskóla og tómsundaheimili. Taldi nefndin fært að hefja kennslu í þriggja ára kennaraskóla frá og með 1. sept. 1968, en menntamála- og félagsmálaráðuneytin skyldu ákveða tímann og meta forsendur þess, að slíkt nám yrði hafið. Hinn 6. júní 1968 voru gefin út lög um tómsundafræðslu o. fl. („Lov om fritidsundervisning m. v.“).

Nefndin minnir á það, að menntun leikskólakennara hófst þegar árið 1855. Náms-tíminn var fyrst 1 ár, en var lengdur í 2 ár 1918. Með tilskipun menntamálaráðu-neytisins 24. sept. 1953 voru settar reglur um samræmt nám í skólum þessum. Þann 12. júní 1961 var gefin út endurskoðuð tilskipun lítt breytt. Námstími skyldi vera 2 ár, og bóklegar kennslustundir alls 1224.

Þar sem kröfur til fóstura hafa aukizt jafnt og þétt taldi nefndin ráðlegt að lengja námið í 3 ár.

Nefndin reisti umræður sínar á tilskipuninni um leikskólakennara frá 12. júní 1961 og um tómsundaseminör, fritidsseminarier, 22. febrúar 1962. Gerði hún grein fyrir æskilegu námsefni, námsskipan, verklegum æfingum, inntökuskilyrðum, framhaldsnámi, breytingunni úr tveggja ára námi í þriggja ára nám, ríkisstyrkjum og fjárhagslegum forsendum fyrir breytingunni.

Menntun fósturanna skyldi um námsefni og önnur viðfangsefni sniðin eftir þeim kjörum og aðstæðum, er þær myndu síðar búa og starfa við. Framhaldsnám skyldi einkum miðað við væntanlega leiðtoga eða forstöðumenn tómsundaheimila og annarra félagslegra uppeldisstofnana.

Framhaldsnám á þessu sviði telur nefndin skuli vera um 1 ár að jafnaði og heimilt þeim einum, er lokið hefur fullu námi tómsundakennara (fritidspædagog) og unnið 3 ár hið skemmsta á tómsundaheimili eða annarri stofnun fyrir ungmenni á aldrinum 7—18 ára.

### Skyldunámsstig (Folkeskolen).

„Lov om uddannelse af lærere til folkeskolen“, 8. júní 1966, leysti af hólmi löggjöfina frá 11. júní 1954. Var orðin brýn þörf á endurskoðun á löggjöf um menntun kennara í Danmörku, þar eð ný löggjöf hafði verið sett um skyldunámsstigið 7. júní 1958 og 16. júní 1962. Þar var gert ráð fyrir ýmsum breytingum á starfsháttum og námsefni, er krafðist aukinnar þekkingar og uppeldisfræðilegrar

kunnáttu af kennurum. Þannig olli þróun skyldunámsskólanna því, að menntamálaráðuneytið skipaði nefnd 23. desember 1960 til þess að kanna, hver þörf væri á breytingum á námsefni og uppeldisfræðilegri menntun kennaraefna og nýjum reglum þar um. Formaður nefndarinnar var þáverandi umsjónarmaður fræðslumála (Statskonsulent) K. Helveg Petersen. Jafnframt var nefndinni falið að athuga, hvort þörf væri á að endurskoða sjálfa löggjöfina um menntun kennara.

Með löggjöf 16. júní 1962 var menntamálaráðherranum heimilað að leyfa frávik frá ákvæðum laganna frá 1954, þar sem einsætt var, að kennaraskólarnir þyrftu að taka hina breyttu námsskrá skyldunámsins til greina.

Í marz 1965 skilaði nefndin meira hluta álití, en minni hluti gerði ágreining um ýmis atriði. Nefndin var á einu máli um þörfina á nýrri löggjöf um menntun kennara og skilaði frumvarpi til laga um hana. Var það lagt fyrir þingið í maí 1965 og ráðgert að taka það fyrir í október um haustið.

Frumvarpið fylgdi drögum laganefndarinnar í meginatriðum. Rakið var í athugasemdum við frumvarp það, sem lagt var fyrir þingið í maí (frumvarp I), hvar vikið væri frá drögum laganefndarinnar. Samtímis skýrði ráðuneytið frá því, að það hefði leitað álíts ýmissa stofnana og samtaka á frumvarpinu, og yrðu þær álítsgerðir vegnar og metnar við endurupptekt frumvarpsins á þingi 1965—'66 (frumvarp II).

Auk þeirra aðila, er ráðuneytið leitaði álíts hjá, bárust athugasemdir frá ýmsum, er sjálfkvæman á máli þessu.

Þingnefnd sú, er um málið fjallaði, fékk í hendur álítsgerðir þær, er ráðuneytinu höfðu borízt. Jafnframt var lagt fram frumvarp um HF-próf og þátt þess í inntöku-skilyrðum í kennaraskólana, en það er ígildi stúðentsprófs.

Um gerð kennaramenntunar og inntak hennar fylgdi frumvarpið drögum laganefndar í öllum meginatriðum nema einu: Samkvæmt lögunum frá 1954 er inntaka í kennaraskóla, auk inntökuprófs, háð því, að skólinn telji umsækjanda hæfan til að gegna kennarastarfi. Huglægt mat af þessu tagi er jafnan vanda- og vafasamt. Lagði laganefndin til, að endurskoðaðar reglur kvæðu svo á, að skólinn væri ekki bær að dæma mann óhæfan til kennarastarfa við inntöku í nám.

Menntamálaráðuneytið lagði áherzlu á tvö meginatriði við ákvörðun á inntöku-skilyrðum: Menntun undir kennaranám skyldi eigi vera blindgata, þar sem leiðir væru lokaðar til annars náms, og ekki skyldu heldur gerðar kröfur um persónulega verðleika fram yfir það, er gert væri við inntöku í annars kyns framhaldsnám. HF-námið var sérstaklega miðað við fyrra meginatriðið, því beinir það nemendum leið til annarra framhaldsskóla en kennaraskólanna einna.

Margháttuð vandamál við inntöku nemenda eru forsenda fyrir hinu megin-sjónarmiðinu, og eru þau ekki ný af nálínni. Í frumvarpinu eru felld niður ákvæði um hegðun og sérstaka eiginleika umsækjenda. Ef kennaranemi reynist ekki hæfur til starfa, mun það jafnan birtast í námsárangri hans, einkum í uppeldisgreinum og æfingakennslu. Úrskurður um hæfni kennaraefnis getur því komið fram á prófum og í öðru námsmati, sem er þáttur í kennaramenntuninni, og þó einkum á forprófi því, sem § 8 í frumvarpinu ráðgerir og því alhliða mati á kunnáttu nemandans, sem þar er mælt fyrir um. Forprófið fer fram eftir 1. námsár, sbr. „Bekendtgørelse“, 19. júní 1969 § 6. Heimilt er að sitja þrisvar í 1. bekk.

Þá hefur verið vikið frá ákvæðum laganna frá 1954 um heilbrigðiskröfur, og er stefnt að því að brjóta ekki í bága við ákvæðin um að veita fötludum sem haggfeldust færi á námi. Helzta ákvæðið lýtur að því, að nemandi sé ekki haldinn neinum smitandi sjúkdómi.

Með lögunum 1954 var greinarmunur gerður á rikisskólum og einkaskólum fyrir kennara. Með nýju löggjöfínni er í meginatriðum stefnt að því, að samræmdar reglur gildi fyrir háðar tegundir dönsku kennaraskólanna.

Við undirbúning frumvarpsins var fylgt tveimur megin-sjónarmiðum: Annars vegar skyldu allir kennarar á skyldustiginu (folkeskolen) hljóta **samræmda menntun**,

kjarni námsins skyldi vera sameiginlegur; hins vegar skyldu þeir einnig öðlast þá sérhæfingu, sem fjölbreytni og greining í námi hjá væntanlegum nemendum þeirra krefst. Því skal öllum kennaranemum veitt slík fræðsla í undirstöðugreinum skyldunámsins (folkeskolen), að þeir séu færir um að kenna á öllum stigum þess og geti kennt nokkrar námsgreinar og fylgt nemendunum eftir um árabíl. Jafnframt skulu kennaraefni hljóta fyllri menntun á afmörkuðum sviðum uppeldis og námsgreina (pædagogisk speciale, liniefag) svo að þau séu hæf til að kenna sérstökum flokkum nemenda eða sérstakar námsgreinar í efstu bekkjum skyldunámsins.

Uppeldisgreinum er fengið meira rúm í kennaramenntuninni en áður. Kennaraefni skulu tamin við slík vinnubrögð, að þau geti starfað áfram að námi í grein sinni á eigin spýtur eða stundað framhaldsnám í kjörgreinum sínum, í „Danmarks lærerhøjskole“.

Með uppeldisfræðilegu sérsviði er kennaraefnum veitt þjálfun í að kenna a) byrjendum, b) unglíngum og c) afbrigðilegum börnum.

Með því að kennaranámið hefur verið hafið á hærri stig og undirbúningsnám aukið, er ekki þörf á að skipta kennaraefnum í deildir með mislöngu námi.

Í fjölbreyttu námi með mikilli sérgreiningu, kjörsviðum og sjálfstæðri vinnu er rík þörf á prófkerfum eða öðrum matsaðferðum, sem skera tryggilega úr um það, hvort nemendur hafi náð fullnægjandi árangri. Eru því fyrirhuguð bæði forpróf og lokapróf í flestum greinum. Í æfingakennslu skal kennaraefnum þó gefinn vitnisburður (standpunktskarakterer) með hliðsjón af daglegu starfi.

### Námsgreinar í kennaraskólum.

#### Kjarni:

- 1) Uppeldisfræði, sálarfræði, kennslufræði, kennsluæfingar, móðurmál, kristinfræði, félagsfræði og 3 af eftirfarandi greinum: mótun (formning), söngur/tónlist, íþróttir og handavinna.
- 2) 2 valgreinar (aðalgreinar), heimilt er þó að taka 3 valgreinar.
- 3) 1 uppeldisfræðilegt sérsvið.

Námskeið skulu haldin í námstækni, raddþjálfun og framsögn, fjölskyldufræði, heilsufræði, umferðarreglum, námsvali og starfsfræði, nýsitækjum, gerð kennsluefnis og selskólalahaldi (lejrskole).

Valgreinar eru: Móðurmál, stærðfræði, kristinfræði, mótun (formning), söngur/tónlist, handavinna kvenna, saga, landafræði, líffræði, eðlisfræði og efnafræði, enska, þýzka, franska, latína, næringarefnafræði og heimilisfræði (husholdningslære), trésmíði eða málmsmíði.

Ef nemandi tekur 3 valgreinar, má telja trésmíði og málmsmíði 2 valgreinar.

Uppeldisleg kjörsvið eru 3:

- a) kennsla í yngri bekkjum skyldunáms.
- b) kennsla í eldri bekkjum skyldunáms sem og æskulýðs- og tómstundafræðsla (ungdoms- og fritidsundervisning).
- c) kennsla nemenda, sem eiga við sérstaka námsörðugleika að etja.

Hverri valgrein eru ætlaðar 13 vikustundir, nema á uppeldislegu sérsviði eru þær 8.

**Tafla 4**

**Námsgreinar og kennslustundafjöldi í dönskum kennaraskólum.**

	Stundafjöldi alls	Vikustundafjöldi árlangt	Vikustundafjöldi á semestri
Uppeldisfræði .....	98	3 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	7
Sálarfræði .....	168	6	12
Kennslufræði .....	140	5	10
Æfingakennsla .....	112	4	8
Danska .....	140	5	10
Félagsfræði .....	84	3	6
Stærðfræði .....	140	5	10
Skrift .....	42	1 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	3
Kristinfræði .....	168	6	12
Mótun .....	112	4	8
Söngur/músik .....	98	3 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	7
Íþróttir .....	140	5	10
Handavinna .....	112	4	8
Félagsfræði .....	84	3	6
1. valgrein .....	364	13	26
2. valgrein .....	364	13	26
Uppeldisfræðileg sérsvið .....	224	8	16

**Tafla 5**


**Skipting námsefnis á missiri í dönskum kennaraskólum.**

	1. ár		2. ár		3. ár		4. ár	Semester- stundir alls
	1. sem	2. sem	3. sem	4. sem	5. sem	6. sem	7. sem	
Uppeldisfræði .....					2	2	3	7
Sálarfræði .....	2	2	2	2	2	2		12
Kennslufræði .....	2	0	2	2	2	2		10
Æfingakennsla .....	1	1	2	2	1	1		8
Danska .....	5	5						10
Stærðfræði .....	5	5						10
Skrift .....	0	3						3
Kristinfræði .....	6	6						12
Mótun .....	2	2	2	2				8
Söngur/músik .....	2	2	3					7
Íþróttir .....	3	2	2	3				10
Handavinna .....	2	2	2	2				8
Félagsfræði .....			4	2				6
1. valgrein .....			4	4	6	6	6	26
2. valgrein .....			4	4	6	6	6	26
Uppeldisfræðileg sérsvið ...				4	4	4	4	16
	27/ 28	28	24/ 25	24/ 27	23	23	19	

Mynd 6

Dæmi um nýtingu kennslutíma í dönskum kennaraskólum.

Lágmarkstími náms: 3½ ár. — Hámarkstími náms: 4 ár.



- Praktikuge
- Kursusuge
- Studieuge
- Skemaug
- Eksamensperiode
- Disponibel uge

Hver reitur táknar eina viku.

- Praktikuge: æfingakennsla.
- Kursusuge: námskeið.
- Studieuge: samfellt nám á afmörkuðu sviði.
- Skemaug: venjuleg kennsla.
- Eksamensperiode: próf.
- Disponibel uge: til frjálsrar ráðstöfunar skólans.

Sameiginlegu námsefni — kjarna — skal í meginatriðum lokið á fyrstu 4 semestrum, en uppeldisgreinar og kjörgreinar stundaðar síðustu 3—4 semestrin.

Kennsluvikur eru fyrirhugaðar 43 á ári hverju. Skiptast þær þannig á 2 semester í meginatriðum:

- a. Hefðbundin stundatafla 14 vikur á hverju semestri. Á hverju vorsemestri, 1. febrúar— 30. júní, eru auk þess ætlaðar 6 vikur til prófa.
- b. Á haustsemestrum, 15. ágúst—31. janúar, eru auk hefðbundinnar stundatöflu í 14 vikur ætlaðar 3 vikur til annars kyns námshátta: Áheyrnar- og æfingakennsla, námskeiða, samfellds náms eða námsferða og frjálsrar ráðstöfunar. Á 7. semestri er 6 vikur varið til prófa. Á því semestri er engin æfingakennsla.

Kennaranemum er heimilt að þreyta lokapróf eftir 3½ árs nám, en að jafnaði munu þeir gera það eftir 4 ár. Ef sérstaklega stendur á, má veita þeim undanþágu til að þreyta það eftir þriggja ára nám.

Framhaldsnám geta kennarar með kennaraprófi stundað í „Danmarks lærerhøgskole“. Sérstök námskeið (statskurs) eru haldin til að veita handavinnu-, smíða- og teiknikennurum framhaldsmenntun. Nám húsmæðrakennara er 2 ár, auk sérdeildarinnar við Háskólann í Árósum.

Íþróttakennarar sækja „Danmarks høgskole for legemsøvelser“ í Kaupmannahöfn. Ótalin eru hin ýmsu námskeið við kennaraháskólann.

Lögin kveða á um kennaraskólaráð, er vera skal menntamálaráðherra til ráðuneytis um málefni kennaraskólanna. Ráðsmenn eru 17, tilnefndir af rektorum kennaraskóla, kennurum þeirra, kennarasambandinu og landsráði kennaranema.

Þá skulu kennararáð og nemendaráð vera við kennaraskólana.

Lögin komu til framkvæmda 1. ágúst 1969.

Samkvæmt lögunum frá 1958 telst 8., 9. og 10. skólaárið til gagnfræðastigsins. Sumir gagnfræðaskólanna eru tengdir „folkeskole“, sumir menntaskólum.

Kennarar við menntaskóla skulu hafa lokið embættisprófi (skoleembedseksamen) frá háskóla. Löggjöfin 1948 kveður svo á, að cand. mag.-próf í huggreinum frá háskóla skuli taka til aðalgreinar og einnar aukagreinar. Auk hinna viðurkenndu hugvísindalegu greina má velja kristinfræði og tónlist. Í raungreinum má velja um 2 námssvið, eðlisfræði—stærðfræði og náttúrufræði—landfræði. Velja má íþróttir með öllum námssviðum. Embættispróf í huggreinum tekur að jafnaði 7 ár, en í raungreinum 6 ár. Í aðalgrein til cand. mag.-prófs er krafizt sjálfstæðrar rannsóknar kandidateitsins á afmörkuðu efni.

Kennaraefni skulu sækja námskeið í eitt semester í fræðilegri uppeldisfræði, sálarfræði og heilsufræði skóla. Kennsluæfingar skulu þeir stunda í menntaskóla undir handleiðslu reynds menntaskólakennara. Uppeldisfræðilega náminu lýkur með bóklegu og verklegu prófi.

## FINNLAND

Finnsku fræðslulögin 1957 kváðu svo á, að stofnskólinn skyldi vera 6 ár, en „framhaldsskólinn“ 2 ár. Í framhaldsskólanum er mikil áherzla lögð á verknám og þegnskaparuppeldi. Velja má um ýmsar línur eða deildir innan hans. Upp úr 4. bekk stofnskólans eiga nemendur heimila leið til hins „æðra almenna náms“, í menntaskólum (lycea). Mikil áherzla er lögð á íþróttir og líkamsrækt í finnskum skólum, og verknám, enda er starfsþjálfun og kunnátta mikil og góð í flestum greinum atvinnulífs.

Elzti kennaraskólinn (folkskoleseminarium) var stofnaður í Jyväskylä árið 1863. Uno Cygnæus var skólastjóri og hafði mikil áhrif á finnsk menntamál þá og síðar. Lagði hann áherzlu á, að barnaskólinn yrði skóli allra stétta, sannur þjóðskóli á barnastigi. Einnig taldi hann, að námið skyldi vera bæði bóklegt og verklegt, skyldi verklegum greinum gert jafnhátt undir höfði og bóknámsgreinum. Í upphafi var kennaranámið fjögurra ára nám að loknum barnaskóla. Síðar var það lengt í 5 ár.



Árið 1920 var þremur kennaraskólum breytt á þá lund, að inntökuskilyrði var þriggja ára, síðar fjögurra ára nám í gagnfræðaskóla. Kennaraskólanum í Jyväskylä var breytt í kennaraháskóla með lögum 1934. Kennaraháskólar skyldu mennta kennara fyrir barnaskólastigið á tveimur árum. Hefur kennaraháskólunum fjölgað síðan. Í kennaraháskólum er megináherzla lögð á uppeldisgreinar og af námsgreinum barnaskóla eru aðeins kenndar listrænar og verklegar greinar, íþróttir og söngur. Námskrár kennaraskólanna taka til allra námsgreina barnaskólanna. Frá og með kennaraskólalöggjöfinni 1958 hafa kennaraskólarnir aðeins tekið nemendur, sem lokið hafa miðskólaprófi. Þó áttu nemendur, er lokið höfðu barnaprófi einu saman, kost á tveggja ára undirbúningsnámi. Þannig hefur kennaranámið verið 2 ár fyrir stúdenta (í kennaraháskólunum) og fjögur ár eftir 6 ára barnaskóla og síðan miðskóla (í kennaraskólunum).

Árið 1968 voru sett ný fræðslulög í Finnlandi, og skyldu þau koma til framkvæmda á næstu þremur árum.

Kennarar í elztu deild (7.—9. skólaár) (den högre skolen) skulu hafa lokið háskólanámi. Kennarar í miðdeild — 4.—6. skólaár — „yngre lektorer“ — skulu hafa lokið kandidatsprófi af lægstu gráðu í hugvísindum eða raungreinum. Menntaskóla-kennarar — svonefndir „ældre lektorer“ — skulu hafa lokið filosofikandidateksamen í hugvísindum eða raungreinum. Tengja má námsgreinar í þessum prófum með ýmsum hætti eftir þörfum skólanna. Algengast er, að prófgreinar séu 3—4, en þær geta verið fleiri. Náms tími er 3—4 ár undir próf af lægri gráðu, en nálægt 5 árum undir próf af hærri gráðu. Við bætist próf í uppeldisgreinum og skólalöggjöf, meðtalin æfingakennsla í menntaskóla í tvö kennslumisseri, í sumum greinum handlista eitt kennslumisseri. Þá rekur ríkið kennaraskóla fyrir kennara við sérskóla ríkisins. Lýtur hann yfirstjórn verzlunar- og iðnaðarráðuneytisins. Skóli þessi (institut) var stofnaður 1958.

Fóstrur stunda nám í fóstruskólum, tveggja ára nám. Lágmarksinntökuskilyrði er miðskólapróf. Margir nemanna eru stúdentar. Fóstruskólarnir lúta yfirstjórn félagsmálaráðuneytisins.

Kennaramenntunin í Finnlandi hefur auðkennzt af ósamræmi ýmiss konar. Hinn 3. nóvember 1965 skipaði menntamálaráðuneytið nefnd til að samræma og skipuleggja kennaranámið. Skyldi nefndin afla sem gleggstrar vitneskju og setja hana skýrt fram með hliðsjón af væntanlegum endurbótum á kennaramenntuninni, eftir að skólakerfið hefði verið tekið til heildarendurskoðunar. Enn skyldi nefndin gera yfirlit um það, hvernig framkvæma mætti hinar ýmsu tillögur og tilraunir í starfinu. Í nefndarálitinu eru þessir meginkaflar: I. Inngangur, II. Yfirlit um þróun kennaramenntunar, III. Markmið kennaramenntunar, IV. Uppeldishlutverk skóla, V. Stig kennaramenntunar og gerð hennar, VI. Inntak kennaramenntunar. VII. Skipulagning kennaramenntunar og stofnanir hennar, VIII. Framhalds- og endurmenntun kennara.

Nefndin vakti athygli á því, að tengsl hafi verið of veik milli fræðilegs náms og æfingakennslu í einstökum námsgreinum og kennara hafi brostið tók og færi á framhalds- og endurmenntun, en hlutverk kennara væri að efla vöxt og viðgang nemenda, hver sem kennslugrein hans væri. Kennarar skulu hafa hlotið góða almenna menntun, en í daglegu hátterni skulu þeir fara að sem aðrir dauðlegir menn. Kennara er skylt að vita deili á vaxtar- og þroskalögmálum ungmenna og kunna lag á að samræma framferði þeirra og manngildishugsjón. Hann verður einnig að hafa vald á ýmsum kennsluaðferðum og vera hæfur til samvinnu við starfssystkin sín. Leiðin milli yngri og eldri deildar er auðveldari en áður var. **Bekkjarkennarar** annast kennslu á lægsta stigi (í 3 fyrstu bekkjunum), ef til vill að undanskildu fyrsta erlenda málinu. Á **miðstiginu** (4.—6. skólaár) munu bekkjarkennarar annast megin kennslunnar, enda þótt þeir geti einbeitt sér að hlutfallslega fáum greinum. Á **efsta**

**stigi** (7.—9. skólaár) verður kennslan í höndum sérkennara, þó með þeim hætti, að einn þeirra, umsjónarkennarinn, kennir eftir atvikum margar stundir í bekknum.

Það er álit nefndarinnar, að samræma beri kennaramenntun fyrir stofnskólann allan með þeim hætti, að hún sé á sama akademiska stigi. Bekkjarkennarar sem sérkennarar skulu hljóta menntun sína við sömu stofnanir eða að minnsta kosti við stofnanir á sambærilegu menntastigi. Engu að síður hlýtur inntak námsins að vera breytilegt með hliðsjón af mismunandi hlutverkum væntanlegra kennara.

Námskröfur í kennaraskólum hljóta að aukast í samræmi við auknar almennar námskröfur. Inntökuskilyrði til kennaranáms skulu vera hin sömu og í háskóla, það er stúdentspróf eða hliðstæð menntun. Allir kennarar við stofnskólann — einnig kennarar, er síðar kunna að koma til á yngra aldurstigi — skulu taka lægstu akademiska gráðu, t. d. kandidatspróf í hugvísindum eða hliðstætt stig, er krefst þriggja ára náms hið skemmsta. Enn hefur ekki verið ákveðið, hversu tengja skal námsgreinar þær, sem teljast til hinnar akademisku gráðu.

Nefndin hefur leitast við að ákvarða aðrar forsendur fyrir starfsréttindum kennaraefnis. Ef skapgerðareinkenni benda til þess, að kennaraefni hæfi ekki kennarastarf, er talið rétt að synja um réttindi til þess. Ef nemandi sjálfur eða kennari hans telur, að starfið hæfi ekki, er skylt að greiða fyrir því, að nemandinn komist í annað nám eða starf.

**Bekkjarkennaraefni** skulu leggja stund á almennar greinar, þ. e. kjarna (grunnkurs) kennaranáms. Auk þess skulu þeir sérhæfa sig með því að sækja meiri háttar námskeið í nokkrum greinum. Þegar námskeið þessi eru hluti af háskólanámi, eiga stúdentar að jafnaði að leggja stund á uppeldisfræði sem aðalgrein og auk þess þær tvær megingreinar eða þrjár, er þeir helzt kjósa að kenna. (Lægsta akademiskt stig). **Sérkennaraefni** skulu stunda almennt nám og tvær greinar hið fæsta. Þannig geta sérkennarar kennt tvær greinar hið fæsta á efsta stigi skólans. Auk þess skulu þeir ljúka prófi í uppeldisfræði.

Þá er stefnt að því að gera æfingakennslu raunhæfari en verið hefur með því að nýta almenna skóla þar til auk æfingaskólanna.

Auk þess hefur nefndin gert drög að skipan kennaramenntunar, þar sem öll kennaraefni fengju menntun sína að einhverju eða öllu leyti í háskóla eða hliðstæðri stofnun, að því undanskildu, að æfingakennsla færi fram í sérstökum „pædagogiskum seminörum“. Ef slíkar stofnanir liggja hver í grennd annarrar, má sækja hvort tveggja námið samtímis, ella gengur það á mis. Fyrirhugað er, að kennaraháskólinn í Joensuu verði fullkominn háskóli í uppeldisfræðum (pædagogiskur háskóli), þar sem einnig má stunda almennar námsgreinar á háskólastigi.

Þá fjallaði nefndin um framhalds- og endurmenntun kennara. Er þar m. a. gerð grein fyrir því, hvernig veita megji kennurum, er nám stunduðu með gamla laginu, jafnrétti á við þá, er nýja stílnum fylgja. Halda skal stutt námskeið fyrir alla kennara, sem kenna í 5 yngstu bekkjum núverandi „folkeskole“ og einnig fyrir kennara við tvo eða þrjá efstu bekkina í „folkeskolen“ eða „framhaldsskolen“ eða aðra hliðstæða skóla. Markmið námskeiðanna er að kynna kennurum hlutverk, gerð og kennsluáferðir í nýtzku stofnskóla. Hefur nefndin gert tillögur um námskeið fyrir hina einstöku hópa kennara.

Stefna Finna fylgir fordæmi Svía á ýmsa lund: að veita kennaramenntun í hlutfallslega fáum kennaraháskólum eða háskólum, í tengslum við „pædagogisk seminör“. Stúdentsmenntun er inntökuskilyrði og mikil áherzla skal lögð á að tengja í náminu fræðilega sálar- og uppeldisfræði og kennsluæfingar og aðra þjálfun í væntanlegum kennslugreinum.

## NOREGUR

Frumvarp til laga um kennaramenntun í Noregi, 19. desember 1968.

Útdráttur úr greinargerð fyrir nokkrum greinum laganna.

### Kröfur um menntun kennara.

Þær kennarastöður, sem lögin gera ráð fyrir, eru: Smábarnakennari (barnahagelærar), kennari (lærar), sérkennari (faglærar), aðjúnkt, lektor.

Þessar kennarastöður svara til þriggja eftirtalinna hæfnisstiga:

Fyrsta hæfnisstig: Smábarnakennari, kennari, sérkennari.

Annað hæfnisstig: Aðjúnkt.

Þriðja hæfnisstig: Lektor.

Þessi hæfnisstig eru óháð skólastigum þeim, sem lögin kveða á um. Kennarar á öllum skólastigum geta tileinkað sér hvaða hæfnisstig sem er.

### Menntun kennara í ofangreindum stöðum.

Kennarar á fyrsta hæfnisstigi skulu ljúka hinu tilskilda þriggja ára kennar námi, annaðhvort að öllu leyti við hlutaðeigandi kennaraskóla, (fóstruskóla, kennara- eða sérkennaraskóla) eða með því að stunda þar tveggja ára námi, að viðbættu eins árs viðurkenndu námi við aðra stofnun, sem annast kennaramenntun, þ. m. t. við háskóla (universitet) eða sérháskóla („höskole“).

Þær kröfur, sem gerðar eru til menntunar allra kennara á fyrsta hæfnisstigi, eru í meginatriðum jafn umtaksmiklar. Þannig er kennara skylt að ljúka þriggja ára námi, þar af a. m. k. tveggja ára námi við kennaraskóla, eftir tilskilið undirbúningsnám. Sérkennari getur ýmist lokið a) þriggja ára námi við sérkennaraskóla, tveggja ára sérnámi og uppeldisfræðilegu námi að fenginni fullri menntun og viðurkenndri starfsþjálfun í greininni, b) eða tengt á ýmsa vegu kennaranám sérnámi á einu sviði, en menntun hans skal vera sambærileg, að umtaki og gæðum, við þá menntun, sem kennarar á barnastigi hafa.

Aðjúnkt skal hafa lokið prófi eftir fjögurra ára nám hið skemmsta bæði í sérgreinum og uppeldisfræði. Cand. mag.-próf, ásamt uppeldisfræði, getur einnig veitt aðjúnktgráðu, sömuleiðis eins árs nám til viðbótar tilskilinni menntun smábarnakennara, kennara eða sérkennara. Eins árs námið getur tekið til ýmissa þátta, sem meta má í einingum. Tilskilið er þó, að lögin setji ákvæði um framhaldsmenntun (etterutdanning) kennara; að öðrum kosti verður aðjúnktgráðu aðeins náð eftir a. m. k. fimm ára nám í sérgreinum og uppeldisfræði.

Lektor skal hafa lokið prófi í sérgreinum og uppeldisfræði við háskóla eða sérháskóla eða eiga að baki aðnað nám, sambærilegt að umtaki og gæðum.

Í bóklegum greinum mun lektorsmenntun venjulega helgast af embættisprófi af hærri gráðu, (cand. philol.- eða cand. real.-prófi) frá sögu/heimspekideild eða stærðfræði/náttúruvísindadeild eða af embættisprófi í uppeldisfræði, samsvarandi að umtaki og gæðum.

Vanalega mun lektor í bóklegum greinum hafa lokið cand. philol.-, cand. real.- eða cand. paed.-prófi, en önnur sambærileg embættispróf, hvort sem tekin hafa verið heima eða erlendis, koma einnig til greina. Sérfræðimenntun í einni tiltekinni grein kemur og til álita fyrir lektora, sem starfa við sérhæfðari skóla eða stofnanir. Hæfir til að gegna lektorsstöðu teljast enn fremur þeir smábarnakennarar, kennarar og sérkennarar, sem bætt hafa við sig menntun, er samsvarar lektorsgráðu að umtaki og gæðum.

Í ákvæðum um menntun aðjúnkta og lektora er ekki tiltekið, hvort hún skuli taka til einnar greinar eða fleiri. Þar sem lektorar eða aðjúnktar starfa á skyldu-

námsstigi (1.—9. bekk) og við framhaldsskóla, mun yfirleitt nauðsynlegt, að þeir hafi menntun í tveim til þrem greinum. En í skólum, sem eru sérhæfðari, t. d. kennaraskólum, getur það verið kostur, að menntun þeirra liggi á einu sviði (fagomraade).

Hugsanlegt er að haga kennaramenntun svo, að á þriðja ári verði lögð meiri áherzla á tvær greinar, sem væntanlegur kennari mun síðar sérhæfa sig í. Með þessu móti yrði riflegri tími ætlaður þessum tveim greinum.

Þeir, sem kenna bóklegar greinar í tveimur til þremur síðustu bekkjum skyldu-náms, skulu aðallega hljóta sérmenntun í kennaraháskóla („lærarhögskole“) eða háskóla.

Sem fyrr skulu kennaraskólar annast þá sérhæfingu, sem barnaskólakennurum er nauðsynleg, s. s. uppeldis- og sálarfræði yngstu aldursflokka skyldunámsins.

#### **Menntun kennara á hverju skólastigi.**

Sá, sem skipaður er kennari við barnastig, skal hafa lokið námi frá norskum kennaraskóla eða sambærilegu viðurkenndu námi. Í sumum tilvikum má setja sérkennara, aðjúnkt eða lektor, án almennrar kennaramenntunar, til að kenna ákveðnar greinar frá 4. bekk að telja.

#### **Unglingastig.**

Til kennslu á þessu stigi má skipa kennara, sérkennara, aðjúnkt eða lektor. Gert er ráð fyrir, að síðar verði krafizt aðjúnktgráðu til kennslu á þessu stigi.

Sömu kröfur gilda um menntun kennara við „framhaldsskole“ og „realskole“.

Til að kenna afbrigðilegum börnum og unglingum (í „specialskole“) þarf sérmenntun og í heild eigi minni menntun en krafizt er á hliðstæðum stigum hins almenna skóla. (Sjá ákvæði um sérkennaraskóla, „speciallæraraskole“).

#### **Menntun kennaraskólakennara.**

Til þess að gegna kennarastöðu við stofnanir, sem annast kennaramenntun, þarf að jafnaði lektorsgráðu. Við þessar stofnanir má skipa menn í „visindalegar kennslustöður“, svo að tækifæri gefist til sérfræðilegrar kennslu og rannsókna, eftir því sem þörf krefur. Hér er einkum átt við skóla, sem annast menntun kennara fyrir afbrigðileg börn og unglunga („speciallærar“).

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má skipa aðjúnkt í stöðu kennaraskólakennara. Í ýmsum listrænum og verklegum greinum verður nauðsynlegt, enn um nokkra hrið, að skipa kennara með aðjúnktgráðu við kennaraskóla.

#### **Framhaldsmenntun kennara.**

Sveitarstjórnir og ríki skulu gefa allt að tíunda hverjum fastráðnum kennara, á ári hverju, tækifæri til orlofs til framhaldsmenntunar. Vinnuveitendur kennara skulu ábyrgjast, að tök verði á orlofi, svo að hver kennari megi vænta þess, að hann fái tækifæri til framhaldsmenntunar á starfsferli sínum.

Einstakir kennaraskólar skulu að verulegu leyti bera ábyrgð á skipulagningu framhaldsmenntunar kennara, í samráði við ráðuneytið og „lærarutdanningsraadet“ (sbr. næstu grein).

Stjórnvöld geta ekki sett ákveðnar reglur um framhaldsmenntun kennara fyrr en þeim hafa verið sköpuð skilyrði, bæði með orlofi og eftirsóknarverðum tilboðum til að stunda framhaldsnám.

### **Kennaramenntunarráð.**

Skipa skal 11 manna „lærerutdaningsráð“, er verði ríkisstjórninni til ráðuneytis um skipan kennaramenntunar. Ráðið skal gefa skýrslur, gangast fyrir prófum og hafa umsjón með kennaraskólunum utan háskóla og sérháskóla.

Ráðið skal skipað mönnum, sem eru kunnugir hinum ýmsu skólastigum og stofnunum, sem annast kennaramenntun, þ. m. t. háskólar og sérháskólar. Skipa skal einn kennaranema í ráðið til tveggja ára í senn. Starfstími annarra ráðsmanna er fjögur ár. Kennaraneminn skal skipa skv. tillögu samtaka kennaranema. Í reglugerð skal kveða á um atkvæðisrétt hans í ráðinu.

### **Kennaraskólar aðrir en háskólar og sérháskólar.**

Kennaraskólar, sem mennta kennara á fyrsta hæfnistigi, geta veitt þriggja ára menntun og lagt sérstaka áherzlu á eina grein, sérsvið eða afmarkaðri verkefni. En þeir geta einnig menntað bekkjarkennara, án verulegrar sérhæfingar.

Við þessa kennaraskóla er einnig hægt að nema fjögur ár og hljóta aðjúnktsgráðu.

### **Undirbúningsnám.**

Allir kennaraskólar fyrsta hæfnistigs gera yfirleitt sömu kröfur um undirbúningsmenntun.

Fóstruskólar, kennara- og sérkennaraskólar heimta stúdentspróf, sambærilega menntun eða sérstaka þriggja ára almenna undirbúningsmenntun, t. d. við kennaraskóla eða „folkehögskole“.

Sérkennaraskólar fyrir myndið (forming), áttahagafræði, hússtjórnarfræði (hustell), verzlunarfræði og aðrar einstakar greinar, byggja allar á a. m. k. þriggja ára almennri menntun eða sérmenntun eftir skyldunám (9 ára). Fer eftir greinum, hversu rík áherzla er lögð á þessa tvo þætti undirbúningsnámsins.

### **Hlutverk fóstruskóla.**

Hlutverk þeirra er að búa nemendur undir störf í leikskólum (barnehaga), forskólum, hjálparbekkjum og öðrum uppeldisstofnunum fyrir börn á aldrinum 1—7 ára eða börn tilsvarende þroskastigs.

### **Hlutverk almenns kennaraskóla.**

Kennaraskólum er ætlað að búa nemendur undir kennslu í öllum aldursflokkum skyldunámsins. Þeir skulu veita nemendum fræðslu í öllum skyldugreinum, sem námsskrá kveður á um.

Sérhver kennaraskólanemi skal þó eigi hljóta menntun til að kenna allar þessar greinar, heldur býr hann sig undir að kenna nokkrar greinar eða greinasamstæður. Menntun bekkjarkennara getur m. ö. o. verið mismunandi.

Kennaraskólinn skal einnig veita framhaldsmenntun kennurum við alla aldursflokka skyldunámsins. Mikilvægast er, að þessi viðbótarmenntun komi barnastiginu að gagna. Hingað til hefur viðbótarmenntun sú, sem kennurum barnastigsins er nauðsynleg, ekki verið metin til jafns við viðbótarmenntun þá, sem miðuð er við þarfir unglíngastigsins. Af þessu hefur leitt nokkra stöðnun í starfi kennaraskólanna og viðbótarmenntun kennara á barnastigi. Aftur á móti hafa skólarnir keppt um að bjóða upp á sem fjölbreytilegastar leiðir til sérhæfingar kennara fyrir unglíngastigið, samhliða þeirri framhaldsmenntun sem háskólar og kennaraháskólar veita.

### Hlutverk „faglærarskole“.

Slíkir skólar skulu húa menn undir kennslustarf á unglíngastígi skyldunáms og við framhaldsskóla. Þegar svo ber undir getur verið nauðsynlegt, að sérkennarar kenni nokkuð á barnastígi, en að jafnaði munu þeir kenna sérgreinar einar í efstu bekkjum skyldunámsins og í framhaldsskólum.

### „Speciallærarskole“.

Þessir skólar geta veitt ½ árs, eins árs, tveggja ára og þriggja til fjögurra ára menntun. Námið á að vera hægt að tengja við aðra kennaramenntun og skal teljast hluti af aðjúnkt- eða lektorsgráðu.

„Speciallærarskolen“ skal húa menn undir kennslustarf í leikskóla, við skóla skyldunámsins, framhaldsskóla og aðrar uppeldisstofnanir.

Til inntöku þarf annaðhvort próf frá kennaraskólum fyrsta hæfnistígs eða nám í a. m. k. einni námsgrein skólans, er svarar til einnar greinar (grunnfags) í háskóla eða sérháskóla. Þeim, sem hafa ekki kennaramenntun eða sérmenntun, skal gefinn kostur á undirbúningsnámi.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir hálfis árs námseiningum, í afbrigðilegri sálar- og uppeldisfræði („specialpedagogik“) vegna þess, hve brýn þörf er fyrir slíka menntun á öllum stígam skólakerfisins.

### Uppeldisfræðistofnun.

Þörf er á sérstakri uppeldisfræðistofnun fyrir þá, sem hafa aflað sér faglegrar kennaramenntunar, en hafa ekki notið fræðslu í uppeldisfræði við þá kennaraskóla, sem falla undir þessi lög, eða við háskóla eða sérháskóla.

Þessa stofnun skal starfrækja fyrir:

- þá sem hafa lokið embættisprófi frá háskóla eða sérháskóla,
- þá sem hafa lokið a. m. k. tveggja ára námi eftir stúdentspróf eða sambærilegt nám,
- þá sem hafa fulla fagmenntun í handiðum og eins árs viðbótarmenntun („allmennteknisk“ eða „allmennteorétisk“) og a. m. k. tveggja ára viðurkennda starfsreynslu.

### SVÍÐJÓÐ

Samfara stofnun „grunnskóla“ í Svíþjóð hafa verið gerðar gagngerar breytingar á kennaramenntuninni. Af kröfum um nýja kennsluhætti, þar sem áherzla er lögð á einstaklingslegar leiðbeiningar kennara í sundurleitum bekkjum, leiðir, að nýjar kröfur hafa verið gerðar til menntunar þeirra.

Svíar leggja áherzlu á, að kennaranám fylgi samfelldri þróun skólakerfisins. Skapa beri hjá kennaraefnum vilja og hæfni til endurmats á inntaki og formi skólastarfsins. Þá á námið að gera kennara færa um að taka þátt í uppeldisfræðilegum tilraunum og rannsóknum á vísindalegum grundvelli. Er mikið lagt upp úr því, að bæði sérkennarar og bekkjarkennarar hljóti staðgóða þekkingu í uppeldis- og kennslufræði.

### Inntökuskilyrði.

Inntökuskilyrði til kennaranáms er stúdentspróf eða annað jafngilt nám. Þeir sem lokið hafa prófi frá fackskóla á félagsfræðikjörsviði eftir tveggja ára nám hafa rétt til að hefja kennaranám fyrir yngri deildir barnaskóla.

### Greining kennaranámsins.

Kennaramenntunin greinist í þrjá flokka eftir aldursstigum skyldunámsins:

Kennaranám fyrir:

Yngri deildir barnaskóla (lágstadiet) 2½ ár.

Eldri deildir barnaskóla (mellanstadiet) 3 ár.

Unglingastig (högstadiet) 4 ár.

### Námsefni og skipulag.

Kennari í yngri deild barnaskóla skal nema sænsku, ensku, stærðfræði, trúfræði, áttahagafræði, fönður, tónlist og leikfimi. Þá skal hann hljóta nokkra sérmenntun í tveim greinum, sem hann kýs, og hefur hann rétt til að kenna kjörgreinar sínar í eldri deildum barnaskólans.

Af námstímanum er um ⅔ varið til sérnáms, ⅕ til áheyrnar- og kennsluæfinga og ⅓ til náms í uppeldis- og kennslufræði.

Kennari fyrir eldri deildir barnaskóla skal nema sömu greinar, en sérmenntar sig auk þess í þremur greinum eftir hundnu vali: sænsku, ensku, einni umhverfisgrein (samfélagsfræði, sögu, landafræði eða líffræði) og annaðhvort tónlist eða leikfimi. Gildir sama um hann og yngri deildar kennara, að kjörgreinar sínar má hann kenna á næsta stigi fyrir ofan, þ. e. unglíngastigi. Annars á hann að geta kennt allar greinar síns stigs nema myndið (bild- og formarbete) og annaðhvort tónlist eða leikfimi.

Kennari fyrir unglíngastig skal nema 3 greinar og fær réttindi til að kenna þær á sínu stigi.

### Viðbótarnám.

Gert er ráð fyrir föstu kerfi viðbótarnáms, svo að kennarar geti flutzt milli skólastiga, ef þeir óska. Gildir bæði um kennara yngri og eldri deilda, að þeir skulu hafa stundað kennslu í 3 ár, áður en þeir hefja viðbótarnám sitt.

Til þess að yngri deildar kennari öðlist kennsluréttindi í eldri deild er krafist eins árs náms í sænsku, ensku, einni umhverfisgrein, tónlist og leikfimi. Á sama hátt öðlast eldri deildar kennari kennsluréttindi á unglíngastigi eftir 1½ árs nám í þeim þremur greinum, sem hann hyggst kenna á því stigi. Þá getur unglíngakennari fært sig upp í menntaskóla með því að fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru um menntun menntaskólakennara í tveimur greinum.

### Skipulag kennaramenntunarinnar.

Menntun kennara fyrir grunnskóla skal fara fram í kennaraháskóla (lárarhögskóla) og háskóla (universitet). Skulu háskólar annast sérmenntun kennaranema að nokkru eða öllu leyti. Gert er ráð fyrir, að unglíngakennarar sækja alla sérmenntun sína til háskóla, en barnaskólakennarar að nokkru. Að öðru leyti stunda þeir sérnám sitt í kennaraháskóla. En meginhlutverk kennaraháskólanna er að sjá um verklega þjálfun og uppeldis- og kennslufræðilega menntun allra kennara skyldunámsins. Þar af leiðandi geta menn aðeins lokið kennaraprófi frá kennaraháskóla, en ekki frá almennum háskóla. Til þess að tryggja nána samvinnu kennaraháskóla og háskóla um þessi mál skulu starfa námsefnisnefnd og kennaramenntunarnefnd. Náms-efnisnefnd í hverjum skóla fjallar um námskrá og námsskipan, en í kennaramenntunarnefnd eiga sæti fulltrúar allra námsefnisnefnda.

### Endurmenntun kennara.

Sviar leggja þunga áherzlu á nauðsyn endurmenntunar, bæði til þess að kennarar tileinki sér efnislegar og tæknilegar nýjungar og verði um leið hæfari starfsmenn. Endurmenntun er talin nauðsynleg til viðhalds grunnmenntun. Slíka viðhaldsmenntun á að tryggja kennurum m. a. með kvöldnámskeiðum á kennsluárinu, stuttum námskeiðum á sumrin og lengri námskeiðum, sem dreifast á allt að 3 kennslumisseri. Gert er ráð fyrir, að kennaraháskólar eða háskólar standi að þessum námskeiðum.

### Dæmi um námsgreinar og stundafjölda í sænskum kennaraháskóla (Lärrarhögskolan i Uppsala).

#### Yngri deild (Lågstadiet).

##### Kjarni:

Hverju kennaraefni er skylt að leggja stund á allar eftirtaldar greinar: Sænsku, ensku, stærðfræði, trúarbrögð (religionskunskap), áttthagafræði (hembygdskunskap), myndið („bild- och formarbete“), tónlist, íþróttir.

Námsgreinar þessar eru stundaðar á fyrra hluta námstímans.

##### Valgreinar (Obligatoriske tillvalskurser):

Á síðari hluta námstíma skal hvert kennaraefni velja 2 „skylduvals“-greinar. Ber þær upp á 3. og 5. önn (termin). Er valin sín greinin úr hvorum flokki. Í fyrri flokknum eru:

Sænska, enska, stærðfræði, lesgreinar teknar sem ein heild.

Í síðari flokknum eru myndið, tónlist, íþróttir.

Nám í báðum þessum valgreinaflokkum veitir kennsluréttindi á miðstigi stofn-skólans (4., 5. og 6. skólaár).

Um það bil helmingur kennslustunda í kennslufræði fellur á móðurmál, afgangurinn á ensku, stærðfræði, lesgreinar, kennslutæki og skrift. Valgreinum fylgja aukatímar í kennslufræði (metodik).

Valgreinaskipanin á að tryggja góða sérþekkingu í yngri deild og gera kennara hæfa til að kenna á eldra stigi. Einnig má vænta, að umsjónar- eða yfirkennarar í einstökum greinum verði valdir eftir kunnáttu í valgreinum.

Áheyrn og æfingakennsla er með eftirfarandi hætti:

2 vikur æfingakennsla á 2. önn	} Áheyrn og stundakennsla.
4 vikur æfingakennsla á 3. önn	
4 vikur æfingakennsla á 5. önn	

Á 4. önn er samfelld æfingakennsla allan tímann.

Áttthagafræði er kennd í yngri deild (lågstadiet), en félagsfræði, saga, landafræði, líffræði, efnafræði og eðlisfræði í eldri deild (mellanstadiet).



Tafla 6

Skipting kennslustunda á námsgreinar og námssmisseri í sænskum kennaraháskóla.

Yngri deild.

Námsgrein	Námssmisseri					Summa	
	I.	II.	III.	IV.	V.		
<b>I. Sérgreinar</b>							
<i>A. Skyldugreinar</i>							
Sænska .....	50	40	30			120	
Enska .....	35	42				77	
Stærðfræði .....	30					30	
<b>Lesgreinar:</b>							
Kristinfræði .....	30	15		Kennslæfingar (æfingamisseri)		45	
Áttthagafræði .....							
Félagsfræði .....	15						
Saga .....	15						
Landfræði .....	15						
Líffræði .....		35					
Efnafræði .....		10					
Eðlisfræði .....		10					
Umhverfisfræði .....						30	
Selskóli .....						30	
Myndíð .....	80	40					120
Tónlist .....	60	40	40				140
Íþróttir .....	60	40	40				140
<i>B. Skylduvalsgreinar</i>							
<i>Valgreinar I</i>							
Sænska .....			60			60	
Enska .....			(60)			(60)	
Stærðfræði .....			(50)			(50)	
<b>Lesgreinar:</b>							
Kristinfræði 10 .....							
Félagsfræði 10 .....							
Saga 10 .....							
Landfræði 10 .....							
Líffræði 10 .....							
Efnafræði 10 .....							
Eðlisfræði 10 .....		(70)				(70)	
<i>Valgreinar II</i>							
Myndíð .....					60	60	
Tónlist .....					(60)	(60)	
Íþróttir .....					(60)	(60)	
<b>II. Uppeldisgreinar</b>							
Sálarfræði og uppeldisfræði .....		(55)	(57)				
Almenn kennslufræði .....	35	45	67		40	187	
Heilsufræði skóla .....							
<b>III. Sérkennslufræði</b>							
<i>A. Skyldugreinar</i>							
Sænska .....	10	35	25		30	100	
Enska .....			10		5	15	
Stærðfræði .....	10	15	10		15	50	
Lesgreinar, heildakennsla .....	10	10	10		20	50	
Meðferð tækja .....	5	10				15	
Skrift .....	20					20	

Tafla 6, frh.

Námsgrein	Námsmissiri					Summa
	I.	II.	III.	IV.	V.	
<b>B. Skylduvalsgreinar</b>						
Sænska .....			20			20
Enska .....			(20)			(20)
Stærðfræði .....			(30)			(30)
Lesgreinar .....			(10)			(10)
	480	387	312		230	1409
<b>IV. Kennsluæfingar</b>						
Æfingaskeið (dagar) .....	3 d	(9 d) 11 d	(20 d) 18 d	(5 d) ca 425 st	13 d	(29 d) 50 d ca 425 st
Æfingamissiri, stundir .....						
Vikulegt álag, stundir .....	24,5	21,5	17,0		13,0	Meðaltal 19,5

Athugasemd: Tölur í valgreinaflokkum eru settar innan sviga til merkis um, að þær stundir einar séu taldar í heildarstundafjölda, er kennaraefni velur.

#### Eldri deild (Mellanstadiet).

##### Kjarni:

Í kjarna eru þessar 13 greinar:

Sænska, enska, stærðfræði, trúarbrögð, félagsfræði, saga landafræði, líffræði, efnafræði, eðlisfræði, myndið, tónlist, íþróttir.

Valgreinar eru á 4. og 6. önn. Er 1 grein í hverjum flokki, en þeir eru 3 alls.

1. valgreinaflokkur: Trúarbrögð, móðurmál, stærðfræði, efnafræði og félagsfræði.

2. valgreinaflokkur: Saga, enska, eðlisfræði, líffræði og jarðfræði.

3. valgreinaflokkur: Tónlist, íþróttir. Í myndið gildir val 2 í yngri deild.

Valgrein í 3. flokki veitir kennsluréttindi í eldri deild. Hinir flokkarnir báðir veita kennsluréttindi á unglíngastigi. Við ákvörðun á valgrein er höfð hliðsjón af undirbúningsnámi kennaraefnis.

Tengingar á valgreinum eru bundnar, t. d. skal nema efnafræði á 4. önn og líffræði á 6.

##### Heimilar tengingar valgreina:

I.	II.	III.
Trúarbrögð	Saga	Tónlist
Móðurmál	Enska	
Stærðfræði	Eðlisfræði	eða
Efnafræði	Líffræði	
Félagsfræði	Landfræði	Íþróttir

##### Æfingakennsla.

1 vika á 2. önn.

2 vikur á 3. önn.

3 vikur á 4. önn.

4 vikur á 6. önn.

Heimild: Lärarhögskolan i Uppsala. En informationsskrift för studerande på klasslärarlinjen.

Tafla 7

## Eldri deild.

Námsgrein	Námsmissiri						Summa	
	I.	II.	III.	IV.	V.	VI.		
<b>I. Sérgreinar</b>								
<i>A. Skyldugreinar</i>								
Sænska .....	110	80	30				220	
Enska .....	60	50	50				160	
Stærðfræði .....	30	20	15				65	
Lesgreinar:								
Kristinfræði .....		30	30		Kennsluæfingar (æfingamissiri)		60	
Félagsfræði .....			20	5		25		
Saga .....			20	5		25		
Landfræði .....			20	5		25		
Líffræði .....		45		5		50		
Efnafræði .....	20			5		25		
Eðlisfræði .....	20			5		25		
Myndið .....	54	24	42			120		
Tónlist .....	25	25				50		
Íþróttir .....	25	25				50		
<i>B. Skylduvalsgreinar</i>								
<i>Valgreinar I</i>								
Sænska, stærðfr., kristinfræði, félagsfræði eða efnafræði ..				140				140
<i>Valgreinar II</i>								
Enska, þýzka, saga, landfræði eða líffræði .....					140		140	
<i>Valgreinar III</i>								
Tónlist eða íþróttir .....				75	75		150	
<b>II. Uppeldisgreinar</b>								
Sálarfræði og uppeldisfræði ..								
Almenn kennslufræði .....	35	35	35	42	40		187	
Heilsufræði skóla .....								
<b>III. Kennslufræði</b>								
<i>A. Skylduvalsgreinar</i>								
Sænska .....	12	8	22		8		50	
Enska .....	4	10	10		6		30	
Stærðfræði .....	12	10	10		8		40	
Lesgreinar og „samlad und- visning“ .....	12	15	32	10	8		77	
Meðferð tækja .....	10	5					15	
Skrift .....	16						16	
<i>B. Skylduvalsgreinar</i>								
<i>Valgreinar I</i>								
Sænska, stærðfr., kristinfræði, félagsfræði eða efnafræði ..				20			20	
<i>Valgreinar II</i>								
Enska, eðlisfræði, saga, land- fræði eða líffræði .....					20		20	
Alls	445	382	336	317		305	1785	
<b>IV. Kennsluæfingar</b>								
Æfingadagar .....	3 d	5 d	10 d	13 d	(5 d)	14 d	50 d	
Æfingamissiri .....					ca 425 st		ca 425 st	
Vikulegt álag, stundir .....	23,0	20,0	18,5	18,0		17,5	Meðaltal 19,5	

### Heildarstundafjöldi.

Á 6 önnum er áætlaður stundafjöldi í bóklegum greinum nálægt 1600, áheyrn og kennsluæfingar nálægt 700.

Bóklegu stundirnar skiptast nokkurn veginn að jöfnu milli þessara fjögurra efnisflokka.

1. Sænsku og ensku.
2. Lesgreina og stærðfræði.
3. Listgreina.
4. Uppeldisgreina.

Heimild: Lärarhögskolan i Uppsala. En informationskrift för studeranda på klasslärarlinjen.

## ENGLAND

Skólakerfið í Englandi og Wales er reist á skólalöggjöfnni frá 1944, **Education Act**. Fyrir skólaskyldualdur skulu börn sækja leikskóla (nursery schools). Í Skotlandi er löggjöfin áþekkt. Er hún frá árinu 1945.

**Kennaranámið er 3 ár** (frá og með árinu 1960). **The National Union of Teachers** er félagsskapur kennara á öllum skólastigum. Í Englandi og Wales eru um 150 kennaraskólar, og mennta þeir kennara fyrir bæði stigin, **primary** og **secondary**. Í nokkrum kennaraskólum tekur námið 4 ár; þar má þreyta hvort tveggja, kennara-próf og háskólapróf.

Við inntöku í kennaraskólana er hliðsjón höfð af hvoru tveggja, prófum og einkunum, sem og persónuleika, áhugamálum og hæfni til kennslu.

Kennaraskólum og uppeldisdeildum við háskóla er skipað saman í 19 uppeldisfræðistofnanir. Hlutverk uppeldisfræðistofnana þessara er að samræma námsskilyrði hver í sínu umdæmi. Auk þess skulu þær hafa umsjón með sérmenntuninni og fá kennara að kennaraskólunum og stofnununum. Einnig skulu þær efla kennaramenntunina með því að beita sér fyrir námskeiðum og kennaraþingum sem og vísindalegu rannsóknarstarfi.

Í Skotlandi skulu allir karlar stunda kennaranám í þrjú ár við háskóla og í eitt ár við **College of Education**. Þar eru sérstakir þriggja ára kennaraskólar fyrir konur. Leggja Skotar mikla áherzlu á kennslufræði og æfingakennslu. Einnig halda þeir námskeið til framhalds- og endurmenntunar, t. d. í kennslu afbrigðilegra barna. Sum námskeiðin eru árlöng, önnur styttri til upprifjunar.

Í kennaraskólunum hafa verið haldin árlöng námskeið fyrir þá kennara, er luku tveggja ára kennaraþrófi fyrir 1960, er námið var lengt í þrjú ár. Fá kennararnir að jafnaði laun á námstímanum og fargjöld ókeypis og kennslu.

Ekki er gerður munur á menntun kennara við „primary og secondary level“.

Allur þorri þeirra, er lýkur námi við háskólana, sækir einkum til menntaskólanna, en nokkrir þeirra leita atvinnu á lægri skólastigum.

Menn með verulega framhaldsmenntun eiga kost á eins árs kennaramenntun við kennaradeild í háskóla, **Technical Teacher Training Colleges**, **Art Training Centres**, og nokkra kennaraskóla. Menntun þessi er einkum ætluð þeim, er kenna á aldurstiginu 15—18 ára. Sumir þeirra kenna einnig á miðskólastiginu.

Skozku sérgreinakennararnir sækja námskeið í háskólum, listaháskólum, tónlistarháskólum eða verzlunarháskólum.

## ÞÝZKA ALÞÝÐULÝÐVELDIÐ

Kennarar í fjórum lægstu bekkjum stofnskólans stunda nám í **Institut für Lehrerbildung**, í 4 ár. Hafa þeir áður lokið 8. bekk stofnskólans. Skulu þeir að jafnaði eigi vera eldri en 16 ára, er þeir hefja nám. Samkvæmt sérstökum ákvæðum frá 1954 eiga verkamenn og bændur á aldrinum 18—35 ára kost á tveggja ára kennaranámi í Leipzig, að afstöðnu inntökuþrófi.

Kennarar við miðstig stofnskólans, 5.—8. skólaár, stunda 6 missera nám við „Pädagogisches Institut“.

### Undirbúningsnám: miðskólanám eða hliðstæð menntun.

Kennarar við þetta stig (5.—8. skólaár) fá sérmenntun í einni grein eða fleirum, þar eð sérkennsla er tíðari á því en bekkjarkennsla. Þá er veitt tveggja ára sérmenntun í íþróttum. Inntökualdur 18 ár hið lægsta. Sérkennarar í handlistum og tónlist á miðskólastigi skulu hafa hlotið eins árs sérmenntun.

„Pedagogisku institútin“ eru á háskólastigi.

Kennarar efsta stigs, 9.—12. ár, hljóta menntun sína í „Pädag-Institut“ í Potsdam (stofnað í okt. 1948) eða í lista- og vísindadeildum háskóla eða hliðstæðra stofnana. Inntökuskilyrði er lokapróf eftir 12. námsár. Námið tekur að jafnaði fjögur ár.

Með námi í bréfaskólum geta kennarar yngsta stigs eða miðstigs öðlast réttindi á hærra stigi. Bréfaskólinn er þrjú ár. Skal náminu lokið með prófi.

Æskulýðsleiðtogar af ýmsu tagi eiga kost á sérnámi. Inntökuskilyrði eru þau sömu og í kennaranám hlutaðeigandi stofnana.

Fóstruskólar eru þriggja ára skólar að loknu 8. námsári. Fyrirhugað er að lengja námið í fjögur ár.

Sérstök „institút“ eru fyrir sérkennara verknáms. Prófkröfur eru einkum miðaðar við fræðilega þekkingu og kunnáttu á tæknisviðinu, í uppeldisfræði, þjóðfélagsfræði og móðurmáli. Þá verða kennaraefni að sanna hæfni sína til að þjálfa væntanlega handverksmenn og beita sér að því að ná þeim markmiðum, sem skólum eru sett. Stefnt er að því, að kennarar við tækniskóla hafi háskólamenntun. Kennarskortur hefur þó tafið fyrir því.

Mikil áherzla er lögð á framhalds- og endurmenntun kennara á öllum skólastigum. Þar gegnir meginhlutverki sérstök stofnun í Dresden („Zentralinstitut“, stofnað 1955), einkum með hliðsjón af þeim þáttum framhalds- og endurmenntunar, er varða hugmyndafræði og samfélagsleg viðhorf, kennslufræði og kennsluaðferðir, uppeldisfræði og sálarfræði. Mikil áherzla er lögð á, að kennarar fylgist með hræringum sósíalísmans, nýjungum í grein sinni og fjölfræði- (pólyteknisku)-menntuninni.

Öllum kennurum er skylt að stunda framhalds- og endurmenntun. Um þrjár leiðir er að velja:

- 1) Bréfaskóli frá „miðstofnuninni“.
- 2) Námskeið „miðstofnunarinnar“ á leyfisögum.
- 3) Sjálfstætt nám.

Háskólanám menntaskólakennara er fjögur ár (en tvö ár fyrir miðskólabekkina).

Kennarar við iðnskóla og hliðstæða sérskóla stunda nám í verzlunarskólum, æðri tækniskólum, list- og handverksháskólum o. s. frv.

Nám í verzlunarháskóla tekur fjögur ár. Inntökuskilyrði stúdentspróf. Kennarar við æðri tækniskóla skulu hafa fulla háskólamenntun.

## ÞÝZKA SAMBANDSLÝÐVELDIÐ

Hér er lauslega greint frá því, hversu kennarar eru búnir undir kennslu í barnaskólum, gagnfræðaskólum og menntaskólum.

Inntökuskilyrði er stúdentspróf. Í sumum fylkjum (ekki Bæjaralandi) eru veittar undanþágur frá þessari reglu til inngöngu í kennaraskóla. Er þá tekið sérstakt inntökupróf (hæfnipróf). Fjöldi slíkra nemenda er innan við 10% af kennaraefnum.

Allir kennarar fá menntun sína og þjálfun á háskólastigi, þ. e. í kennaraháskólum, háskólum og tækniháskólum. Þeir, sem ætla að kenna listgreinar, sækja lista-háskóla.

### Menntun barnakennara.

Menntun barnakennara hefur verið nokkuð mismunandi eftir fylkjum (Länder). Mörgum fámönnum kennaraháskólum hefur verið slegið saman eða, eins og í Bæjaralandi, sameinaðir háskólunum. (Hagræðing, ekki mikil breyting á námstilhögun).

Námstími barnakennara er nú þrjú ár, var víða tvö ár allt til 1965.

Kennarar eru búnir undir að kenna allar greinar bæði á barnastigi, eldra og yngra, frá byrjendabekk til lokadeildar í 9. bekk. Kjarninn í námi þeirra er uppeldisfræði, ásamt heimspeki, sálarfræði og þjóðfélagsfræði. Námsgreinar, sem taldar eru til kjarna, eru allmismunandi eftir fylkjum, t. d. guðfræði í Bæjaralandi og stjórnvísindi í Hessen. Mikil áherzla er lögð á líkamsrækt og listmenntun, sem og að kennaraefni nái góðu valdi á kennslu í greinum barnastigsins, bæði kenningu og framkvæmd.

Í öllum fylkjum verða stúdentar að velja ákveðnar greinar til kennslu og sérhæfingar, s. s. ensku, stærðfræði, sögu, kristinfræði. Kynning á bekkjarkennslu hefur yfirleitt verið tekin samhliða annarri kennaraþjálfun, en nú gerist það í ýmsum fylkjum að þjálfun þessi er geymd til reynslutímans, er kemur að loknum fyrra hluta embættisprófs.

Í sumum fylkjum er reynslutími 2—4 ár, undir umsjón reynds kennara. Kennaraefni er skylt að sækja umræðufundi og ljúka síðari hluta embættisprófs, svokölluðu prófi í uppeldisvísindum; veitir það réttindi til skipunar í fasta kennarastöðu.

Ný skipan er í Hessen frá 1969: Barnakennari sérhæfir sig í einni grein, sem hann fær rétt til að kenna upp í 10. bekk, einnig í menntaskóla.

Kennarar á eldra stigi skyldunámsins öðlast réttindi til að kenna í gagnfræðabekkjum og menntaskólum upp í 10. bekk. Þeim er veitt sérhæfing í tveimur greinum. Menntaskólakennarar fá rétt til að kenna frá og með 5. bekk til loka 13. bekkjar (11—19 ára nemendur). Talið er, að nýting á kennurum verði umtaksmeiri með þessu lagi, og það á einnig að tryggja, að kennarar fái góða þjálfun með hliðsjón af kennslu á ákveðnum aldursstigum og uppeldisviðum.

### Menntun gagnfræðaskólakennara.

Í sumum löndum þýzka sambandslýðveldisins er sams konar menntun fyrir barnakennara á yngra og eldra stigi (Grundschule, 1.—4. skólaár, Hauptschule 6.—15. aldursár, 1.—9. skólaár) og í gagnfræðaskólum (Realschule, Aufbauzüge, 5.—10. skólaár, 11.—16. aldursár). Embættisprófið veitir rétt til að kenna við þessar þrjár tegundir skóla. Það sem hér hefur verið sagt á við Hamborg, Bremen og Hessen. Í Hessen er þó aukaprófs krafizt af kennurum þeim, sem hljóta fastar stöður við gagnfræðaskóla. Í öðrum fylkjum er um tvær leiðir að velja: 6 missera háskólanám hið skemmsta (Universität eða TH), eða kennari á skyldunámsstigi kys að afla sér réttinda til loka gagnfræðastigs. Getur hann þá að afloknum síðara hluta embættisprófs sótt námskeið og síðan þreytt próf.

Enn eru fylki, er veita kennurum kost á ársnámskeiði við sérstaka skóla fyrir gagnfræðakennara. Algengast er, að gagnfræðaskólakennarar sérhæfi sig í tveimur greinum undir fyrra hluta embættisprófs. Gilda fastar reglur um heimilar tengingar á námsgreinum. Að loknum fyrra hluta embættisprófs kemur eins til tveggja ára reynslutími í starfi. Lýkur honum með síðara hluta embættisprófs.

Menntaskólakennarar hafa um rúmlega hundrað ára skeið sótt menntun sína í háskóla og tækniháskóla, tíðast 5—7 ára nám.

Þau vandamál, sem helzt gætir í umræðum um menntun þýzkra kennara á skyldunáms-, gagnfræða- og menntaskólastigi, eru þessi:

1. Margar stofnanir og sundurleitar annast kennaramenntunina.
2. Það er sameiginlegt kennurum á öllum skólastigunum þremur, að þá skortir undirstöðupjálfun í uppeldisvísindum, sálarfræði og félagsfræði.
3. Misjöfn áherzla er lögð á fræðilega og verklega kennslu í uppeldisgreinum og öðrum undirstöðugreinum kennara. Meðal kennaraefna barnastigs er megináherzla lögð á æfingakennslu en meðal kennaraefna menntaskólastigs er aðaláherzla lögð á bóklega sérhæfingu.
4. Reynslutímamann hafa kennarar og kennaraefni gagnrýnt á ýmsa lund.

Af þessu kvikna ýmsar veigamiklar spurningar: Þarfnast nýttískólakerfi ekki kennara, sem búa yfir djúpri og víðtækri þekkingu í uppeldisgreinum? Hvaða sess skal ætla félagsvísindum meðal undirstöðugreina kennaranáms? Mundi ekki skylt að miða menntun allra kennaraefna öðru fremur við hagnýtar þarfir kennarans í kennslustofunni? Mun ekki vera þörf nánari samvinnu og tengsla milli hinna tveggja stiga þýzkrar kennaramenntunar, bóklegu fræðslunnar og reynslutímans?

#### Dæmi um menntun kennara og prófkröfur í þýzku fylkjunum Hessen og Nordrhein-Westfalen.

##### HESSEN

Námsefni og námsferill kennara við Grundschulen, Hauptschulen og Realschulen.

1. Námstími: 6 misseri hið skemmsta.
2. Námsefni:
  - 2.1 Uppeldisgreinar: Uppeldisfræði, uppeldisleg sálarfræði, félagsfræði, samfélagslegt uppeldi (politische Bildung).
  - 2.2 Aðrar námsgreinar: Ev. trúarbrögð, kaþ. trúarbrögð, þýzka, enska, franska, rússneska, saga, samfélagsfræði, eftirtalin meginsvið: a) félagsfræði, b) stjórnfæði (politologie“), c) saga. Landafræði, stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði, líffræði, handlistir, íþróttir.
  - 2.3 Kennslufræði.
3. Æfingakennsla.

Æfingakennsla á tveimur skólastigum.

  - a) 4 vikna fornámskeið (Einführungspraktikum).
  - b) 6 vikna aðalnámskeið (Hauptpraktikum).
4. Millipróf.
5. Embættispróf, fyrri hluti. (1. Staatsprüfung).

Prófkröfur:

  - 5.1 Vísindaleg heimaritgerð. Kennaraefni má velja ritgerðarefni úr uppeldisgreinum, öðrum greinum eða kennslufræðilegum þætti þeirra. Skilafrestur: 8 vikur.

- 5.2 Uppeldisgreinar.** Munnlegt próf í tveim uppeldisgreinum:
- Uppeldisfræði eða uppeldisleg sálarfræði.
  - Félagsfræði uppeldis eða samfélagslegt uppeldi. Próftími ekki yfir 30 mínútur í grein.
- Ef kennaraefni óskar, má setja fjögurra stunda skriflegt próf í staðinn.
- 5.3 Próf í sérgrein:** Munnlegt próf í einni þeirra greina, sem getið er í 2.2. — Próftími allt að 45 mínútur. Auk þess er prófað í kennslufræði tveggja náms sviða (aðalgrein þó undanskilin) eða í kennslufræði yngri deildar barnastigs (Didaktik der Grundschule, þ. e. 1.—4. skólaár).
- 6. Staða kennaraefnis og nám fram að síðara hluta embættisprófs** (2. Staatsprüfung).
- 6.1** Laus ráðning í kennarastöðu.
- 6.2** Undirbúningstími: Eigi skemmri en tvö ár.
- 6.3** Fræðilegt og verklegt nám.
- Aðalnámskeið: Eigi skemmra en 10 dagsverk á ári.
  - Námskeið í kennslufræði eigi færri en 10 þriggja stunda fundir á ári.
- Auk þess skal nýliðinn starfa við viðurkennda skóla.
- 7. Embættispróf. Síðari hluti. Prófkröfur:**
- 7.1** **Prófritgerð.** Kandidat velur ritgerðarefni frá starfsreynslu sinni. Skilafrestur: 12 vikur.
- 7.2** **Kennslupróf.** 3 kennslustundir (45 mín. hver). Kennaraefni ræður viðfangsefni í tveimur þeirra.
- 7.3** **Munnlegt próf.** Rætt er við kandidatinn um meginviðfangsefni kennslu og skóla starfs, almenna uppeldisfræði og sálarfræði náms og skóla.
- Einnig skal fjallað um kennslufræði og kennsluaðferðir í einstökum námsgreinum, samfélagslegt uppeldi, skólalöggjöf og rekstur skóla. Próftími: allt að 90 mínútur.

## NORDRHEIN-WESTFALEN

### I. Menntun kennara við Grund- og Hauptschulen.

- Námstími:** 6 misseri hið skemmsta.
- Námsefni:**
  - Uppeldisgreinar:** Almenn uppeldisfræði, uppeldisfræði skólastarfs, sálarfræði, heimspeki, félagsfræði, stjórnfæði.
  - Aðrar greinar. Valgreinar.** Trúarbrögð, þýzka, stærðfræði, saga, samfélagslegt uppeldi, landafræði—jarðfræði, líffræði, eðlisfræði, efnafræði, enska, músik, listfræði, handlistir, vefnaður, heimilisfræði, íþróttir, hagfræði og starfsfræði.
  - Nám í greinum, sem miðaðar eru við aldursstig.**  
Meginsvið I: Trúarbrögð, þýzka, stærðfræði, áttthagafræði.  
Meginsvið II: Greinar þær, sem taldar eru í 2.2.
- Kennsluæfingar.**  
Almenn æfingakennsla í 5 vikur.  
Æfingakennsla í valgreinum meginsviðs (sjá 2.3), 4 vikur.
- Millipróf.**  
Í stað prófs kemur vitnisburður við lok 4. misseris um árangur í tveim uppeldisgreinum (2.1).
- Embættispróf. Fyrri hluti. Prófkröfur:**
  - Fræðileg ritgerð** í uppeldisgreinum eða valgrein. Skilafrestur: 8 vikur.
  - Uppeldisgreinar.** Prófað í almennri uppeldisfræði, kennslufræði og sálarfræði og eftir vali í einni af þremur: heimspeki, félagsfræði eða stjórnfæði.



Prófi í tveimur uppeldisgreinum er talið lokið með vitnisburði eftir 4. misseri. Munnlegt próf allt að 30 mínútur í grein. Skriflegt próf: fjórar stundir. Skriflega prófið fellur niður, ef heimaritgerðin er á sviði uppeldisgreina.

- 5.3 **Aðrar greinar (sérgreinar):** Prófa skal í 1 grein úr flokknum 2.2 og 2 úr flokki 2.3. Reglugerð segir til um heimilar tengingar námsgreina. Munnlegt próf í flokki 2.2, allt að 45 mínútur. Munnlegt próf í flokki 2.3, 45 mín. samantlagt. Ritgerð, 4 stundir, er felld niður, ef heimaritgerð er í sérgrein.
6. **Staða og nám kennaraefnis til loka síðara hluta embættisprófs.**
- 6.1 **Kennari lausráðinn.**
- 6.2 **Undirbúningstími: Eitt ár.**
- 6.3 **Nám í svæðisskóla (Bezirksseminar).** Aðalnámskeið fjórar stundir á viku. Námskeið í sérgreinum, tvær stundir á viku. Áheyrn, kennsluæfingar og sjálfstæð kennsla, 15 vikustundir.
7. **Prófkörður. Síðari hluti embættisprófs.**
- 7.1 **Heimaritgerð.** Frjálst efni miðað við eigin reynslu í uppeldi og kennslu. Skilafrestur: 5 mánuðir.
- 7.2 **Kennslupróf bæði í yngri og eldri deild.**
- 7.3 **Munnlegt próf:** Prófað í viðfangsefnum aðalnámskeiðs, próftími allt að 30 mínútur. Prófað í sérgreinum. Próftími allt að 20 mínútur.

## II. Menntun kennara við Realschulen.

1. **Námstími:** 6 misseri hið skemmsta.
2. **Námsefni:**
- 2.1 **Uppeldisgreinar:** Uppeldisfræði.
- 2.2 **Sérgreinar.**
  - a) Trúarbrögð, þýzka, enska, franska, hollenzka, saga, jarðfræði—landafræði, félagsfræði, stærðfræði, hagnýt stærðfræði, líffræði, eðlisfræði, efnafræði, listfræði (Kunst), tónlist, vefnaður, handlistir, heimilisfræði, íþróttir.
  - b) Heimspeki, þjóðfræði, stjórnfræði, listasaga, tónvísindi, hagfræði, sálarfræði, latína, rússneska, danska, sænska, pólska, ítalska, spænska, portúgalska.
3. **Kennsluæfingar.**
4. **Millipróf.**
5. **Embættispróf. Fyrri hluti. Prófkörður:**
- 5.1 **Heimaritgerð.** Kennaraefni velur ritgerðarefni úr einni grein gagnfræðastigs eða úr uppeldisgrein. Skilafrestur: 10 vikur.
- 5.2 **Uppeldisgreinar.** Próf í uppeldisfræði, munnlegt. Próftími allt að 45 mínútur. Ritgerð, próftími 4 stundir. Má vera lengri, eftir eðli verkefnis.
- 5.3 **Sérgreinar.** Prófað er í tveimur greinum í flokki 2.2a. Tengingar greina skv. reglugerð. Heimilt er að þreyta einnig próf í 2.2b, ef prófdómarar hafa verið skipaðir.

Munnlegt próf að jafnaði 45 mínútur í grein. Skriflegt próf, fjögurra stunda vinna undir eftirliti í grein, nema saumum og heimilisstörfum. Lengja má úrlausnartíma eftir eðli verkefnis.
6. **Staða kennaraefnis og nám fram að síðara hluta prófs.**
- 6.1 **Lausráðinn kennari.**
- 6.2 **Undirbúningstími: 18 mánuðir hið skemmsta.**
- 6.3 **Menntun í svæðisskóla.** Viðfangsefni: Almenn kennslufræði, sérkennslufræði, kennsluæfingar.

Hagnýt þjálfun, 12 vikustundir hið skemmsta.

7. Síðari hluti embættisprófs. Prófkjöfur.
- 7.1 Heimaritgerð. Efnissvið: Uppeldi og kennsla á gagnfræðastigi. Skilafrestur: fjórar vikur.
- 7.2 Kennslupróf. Tvö próf: Kennsla mismunandi greina í mismunandi bekkjum á ólíku aldurstigi. Prófdómari velur viðfangsefni.
- 7.3 Munnlegt próf. Greinar: Uppeldisfræði, kennslufræði, æskulýðsfræðsla, frumatriði löggjafar um skóla, réttindi og skyldur embættismanna og stjórnsýsla, sem og skólakerfið í kenningu og framkvæmd. Próftími allt að ein stund.

## BANDARÍKI N.-AMERÍKU

Rík áherzla er lögð á kennslufræði og æfingakennslu. Að öðru leyti er kennaranámið almennt nám með hliðsjón af kennslugreinum á skyldustigi. Mjög er hugað að persónueigindum væntanlegra kennara, einkum að þeir hæfi því aldurstigi, sem þeir hyggjast kenna á, og enn að þeir séu gæddir náttúrlegum áhuga á börnum. Á tveim fyrstu námsárunum er einkum sinnt almennu námi, síðari árin er fengizt við kennaranám í þrengri skilningi: uppeldisfræði, sálarfræði og kennslufræði.

Bekkjarkennaranámið er að jafnaði fjögur ár við College eða University (lýkur með B.A. eða B.Sc.-prófi). Því fylgir síðan eitt ár í starfi. Í umræðu er að lengja námið úr 4 árum í 5.

Inntökuskilyrði: 12 ára nám.

Sérkennaranámið er 4 ár til B.A.-prófs, síðan 1—2 til M.A.-prófs. Að þessum prófum loknum kemur til sérhæfing í einni grein. Þessar tvær námsleiðir eru sameiginlegar að mestu leyti. Margir sérkennarar hafa þó aðeins fjögurra ára nám að baki í college eða háskóla.

Í Bandaríkjunum er að jafnaði ekki greint skýrt milli bekkjar- og sérkennara.

Kennarar við „junior og senior high school“ eru sérhæfðir í einstökum greinum. Kenna þeir aðalgrein sína eða náskyldar greinar. Kennarar í heimilisfræðum, landbúnaðarfræðum, verzlunarfræðum, tónlist, myndið og handiðnum sinna sjaldan kennslu í öðrum greinum. Auk venjulegrar kennslu í bekk, 20—30 stundir á viku, er kennurum skylt að sinna ýmsum öðrum störfum, svo sem að leiðrétta úrlausnir, semja próf, annast kennslutæki og búa efni undir kennslu og ræða við foreldra.

Af fjögurra ára háskólanámi kennara við „high schools“ er um þriðjungi náms tímans varið til aðalnámsgreinar eða aðalnámssviðs. Um það bil sjötti hluti náms tímans tekur til uppeldisgreina, afgangi tímans er varið til almenns náms eða listnáms í ýmsum tengingum.

Tíu ríki krefjast fimm ára háskólanáms af kennurum við „high school“.

### Dæmi um námskröfur og stundafjölda í kennaranámi í nokkrum bandarískum háskólum.

#### University of California, Berkeley.

Kennararéttindi í barnaskólum allt til loka „high school“.

1. Inntökuskilyrði í kennaranám er B.A.- eða B.S.-próf.
2. Náms tími 3 annir (semester) að loknu B.A.- eða B.S.-prófi.
3. Auk bóklægs náms skal kennaraefni ljúka kennsluæfingum í aðalgrein og aukagrein.

### Boston University.

**Kennaramenntun:** B.S.-próf (a. m. k. 120 annastundir). Skilyrði fyrir æfingakennslu er meðaleinkunnin 2.00 og á sérsviði meðaleinkunnin 2.50.

1. **Almennt nám**, alls 38 annastundir.
  - 1.1 Enska og listir 12 annastundir.
  - 1.2 Félagsvísindi 6 annastundir.
  - 1.3 Náttúruvísindi (2 ár í grein) 12—14 annastundir.
  - 1.4 Heilsufræði 3 annastundir.
  - 1.5 Sálarfæði 3 annastundir.
2. **Uppeldisgreinar**, alls 18 annastundir.
  - 2.1 Sálarfæði námsins 3 annastundir.
  - 2.2 Uppeldisfræði 6 annastundir.
  - 2.3 Próf og matsaðferðir 3 annastundir.
  - 2.4 Kennsluæfingar 6 annastundir.
3. **Kjörgreinar og sérsvið**, alls 54—56 annastundir.
  - 3.1 **Almennt kennarapróf** (kjarni 37 annastundir).
    - 3.1.1 Barnasálarfæði 3 annastundir.
    - 3.1.2 Stærðfræði fyrir barnakennara 6 annastundir.
    - 3.1.3 Kennslufræði, lestur, móðurmál og áttahagafræði 6 annastundir.
    - 3.1.4 Uppeldisfræði 6 annastundir.  
Sálarfæði 3 annastundir.
    - 3.1.5 Kjörgrein (saga, félagsfr., mannfr. eða hagfr.) 27 annastundir.
    - 3.1.6 Sérsvið (listir, íþróttir eða heilsufræði) 8 annastundir.
  - 3.2 **Kennarapróf fyrir framhaldsskóla**.
    - 3.2.1 Uppeldis- og sálarfæði og kennslufræði 21—24 annastundir.
    - 3.2.2 Aðalgrein, aukagrein og valgrein 66—69 annastundir.

### State University of New York.

Nemandi þarf að ljúka a. m. k. 120 annastundum (semester credits) þ. e.. a. s. B.A.- eða B.S.-prófi.

- A. **Almennt kennarapróf** (barnaskólastigið).
  1. **Almenn menntun**, 55—73 annastundir.
    - 1.1 Efna- og eðlisfræði 8 annastundir.
    - 1.2 Liffæði 8 annastundir.
    - 1.3 Stærðfræði 9 annastundir.
    - 1.4 Félagsvísindi 15 annastundir.
    - 1.5 Bókmenntir og listir 15 annastundir.
    - 1.6 Enska (undanþ. með sérstöku prófi) 0—6 annastundir.
    - 1.7 Erlend tungumál (2 ár) 0—12 annastundir.
  2. **Sérsvið** — ein aðalgrein 30 annastundir.
  3. **Uppeldisgreinar**, alls 38 annastundir.
    - 3.1 Uppeldisfræði eða saga 3 annastundir.
    - 3.2 Sálfræðilegir eða félagslegir fræðiþættir uppeldiskenninga 3 annastundir.
    - 3.3 Barnasálarfæði 3 annastundir.
    - 3.4 Félagsleg sálarfæði 3 annastundir.
    - 3.5 Uppeldisfræði 3 annastundir.
    - 3.6 Uppeldisfræði, rannsóknaræfingar 3 annastundir.
- B. **Kennarapróf** (framhaldsskólar).
  1. **Almenn menntun** 44—58 annastundir.
  2. **Sérsvið** — aðalgrein 30—39 annastundir.

3. Uppeldisgreinar (12) og æfingakennsla (6) 18 annastundir.
  - 3.1 Sálfræði og félagsfræði 3 annastundir.
  - 3.2 Kennslufræði 3 annastundir.

#### Kennararéttindi. — Dæmi tekið frá Michigan State.

- I. Tímabundin réttindi („Provisional certificate“) öðlast þeir, sem:
  1. Hafa lokið B.A.-prófi eða B.S.-prófi með skilgreindri lágmarkseinkunn á sérsviði (2.25 „grade points“).
  2. Hafa tekið 30 „credits“ í uppeldisgreinum.
  3. Hafa 1 sérgrein og 2 aukagreinar eða heildarsvið.
- II. Varanleg réttindi („Permanent certificate“) öðlast þeir, sem:
  1. Hafa tímabundin réttindi og eiga að baki hið skemmsta þriggja ára kennslu með góðum árangri.
  2. Hafa bætt við sig a. m. k. 15 „credits“ frá viðurkenndum háskóla.
  3. Hafa kennt við það skólastig, sem menntun kennaraefnis var miðuð við.
  4. Beiðni um „varanleg réttindi“ verður að koma frá þeim skóla, sem lagði til að kennarinn fengi bráðabirgðaréttindi.

### VIÐAUKI III.

#### Áætlaður rekstrarkostnaður Kennaraháskóla Íslands.

Við samningu kostnaðaráætlunar fyrir Kennaraháskóla Íslands er miðað við að skólinn sé „fram genginn“ í þriggja ára kennaranámi á árabílinu 1975—1980. Meðalfjöldi í árgangi er áætlaður 100 nemendur, meðalfjöldi kenndra stunda í bekkjardeild á viku hverri 24, en bekkjardeildir í árgangi 7 talsins.

Að sjálfsgöðu verður ekkert vitað með fullri vissu um kennaraþörf á skyldunámsstigi í framtíðinni né heldur aðsókn að kennaranámi, en fullvist má telja, að framan skráður nemendafjöldi fullnægi kennaraþörfinni á skyldunámsstiginu næsta áratug.

Um næstu aldamót er þörfin á brautskráðum kennurum handa skyldunámsstigi áætluð 300 ár hvert, miðað við óbreytt skólakerfi, og fjöldi kennaranema í þriggja ára námi 1100, ef fullnægja skal þörfinni, sbr. bréf Torfa Ásgeirssonar til skólastjóra Kennaraskólans 14. nóv. 1969. — Slíkar áætlanir eru að sjálfsgöðu gerðar með fyrirvara.

Í eftirfarandi kostnaðaráætlun er ekki gert ráð fyrir öðru námi en kennaranámi. Ef slíkt nám fer fram í tengslum við Kennaraháskólann eða æfingaskóla hans, svo sem bráðabirgðaákvæði frumvarpsins gera kost á, mun það verða viðlíka dýrt og sambærilegt nám við aðra skóla.

Aðferðin við að áætla kennaraþörfina og nýtingu á kennurum veitir að sjálfsgöðu ekki neina vitneskju um skipulag kennslunnar, heldur er myndin gerð miklu einfaldari en hún getur orðið í framkvæmd.

Svo sem ljóst verður af samanburði á kostnaði við Kennaraskóla Íslands árið 1971 og Kennaraháskólann 1975—1980 lækkar kostnaðurinn af kennaramenntuninni stórlega. Þetta stafar af því, að áætlaður nemendafjöldi í Kennaraháskólanum er miðaður við eðlilegar þarfir, en kostnaður af hverju kennaraefni mun hækka eitt-hvað, þó ekki væri af öðru en lengingu námstíma.

## I. Helztu forsendur áætlunarinnar:

### A. Nemendafjöldi.

Á 1. ári 100 nem. — 7 bekkjardeildir  
Á 2. ári 100 nem. — 7 bekkjardeildir  
Á 3. ári 100 nem. — 7 bekkjardeildir

---

Alls 300 nem. — 21 bekkjardeild

### B. Fjöldi vikulegra kennslustunda í bekkjardeild 24.

21 bekkjardeild  $\times$  24 vikustundir = 504 vikustundir.

Kennslustundir alls 504 pr. viku.

### C. Skipting kennslustunda á kennara:

Prófessorar  $7 \times 18$  vikustundir ..... 126<sup>1)</sup>  
Dósentar  $9 \times 21$  vikustund ..... 189<sup>1)</sup>  
Lektorar  $16 \times 12$  vikustundir ..... 192

---

507

## II.

### A. Laun kennara.

Í 26. launafl.  $7 \times 34$  538.00 = 241 766.00 pr. mán.  
Í 24. launafl.  $9 \times 30$  050.00 = 270 450.00 pr. mán.  
Í 23. launafl.  $16 \times 28$  695.00 = 459 120.00 pr. mán.

---

Kr. 971 336.00

Kennaralaun pr. kr.  $971\,336.00 \times 12 =$  kr. 11 656 032.00. Miðað er við, að prófessorar hafi náð hámarkslaunum, en dósentar og lektorar hafi 5 ára starfsreynslu.

### B. Önnur laun.

1. Húsvarvla, skrifstofulaun o. fl. kr. 820 000.00.

2. Prófkostnaður.

Laun prófdómara o. fl. áætlast kr. 1 000.00 pr. nem. Kr.  $1\,000.00 \times 300 =$  kr. 300 000.00.

## III. Annar kostnaður.

A. Pappír, ritföng o. fl. .... kr. 120 000.00  
(Í K. Í. fyrir 1971 er áætlað ca. kr. 390.00 pr. nem.)  
B. Viðhald ..... — 1 024 000.00  
(K. Í. fyrir 1971 kr. 683 þús., áætlað 50% aukning vegna stækkunar húsnæðis o. fl. — 1 024 þús.)  
C. Tryggingar, launaskattur, lífeyrissj. o. fl. vegna starfsmanna ..... — 1 106 000.00  
D. Fasteignagjöld og tryggingar efnislegra fjármuna .. — 170 000.00  
E. Sími og frímerki ..... — 100 000.00  
F. Heilsugæzla ..... — 35 000.00

---

1) Hér er gert ráð fyrir því, að kennsluskylda prófessora sé 6 stundir á viku, en dósentar 9. Jafnframt er gert ráð fyrir því, að þeir kenni heilum árgöngum, þ. e. 7 bekkjardeildum, í senn 2 stundir á viku, og hækkar þá fjöldi vikustunda þeirra, umreiknað á einfalda bekkji, um 12.

**IV. Samanburður á rekstrarkostn. Kennaraháskóla Íslands og Kennaraskóla Íslands.**

	Rekstrarkostnaður Kennaraháskóla Íslands. Áætlað meðalt. 1975—80, miðað við launaflokka í sept. 1970.	Kennaraskóli Íslands skv. fjárlagatillögum 1971. Launagreiðslur með 5% álagi
Launagreiðslur .....	kr. 12 776 000	kr. 28 331.000
Annar kostnaður .....	— 1 531 000	— 5 564 000
Viðhald .....	— 1 024 000	— 683 000
	<hr/>	<hr/>
	Kr. 15 331 000	Kr. 34 578 000

Ljós, hiti og hreinlætisvörur eru ekki í ofangreindri kostnaðaráætlun.

Kostnaður á nemanda af þessum gjaldaliðum er áætlaður um 2 750.00 kr. í tillögum Kennaraskólans til fjárlaga fyrir árið 1971. Einsætt er, að kostnaður sá er óeðlilega lágur sökum ofsetningar á húsnæði skólans, en hann er í sjálfu sér til-  
tölulega óháður því, á hvaða stigi skóli er.

Gert er ráð fyrir, að Kennaraháskóli Íslands starfi algjörlega í eigin húsnæði, og því er ekki ætlað fyrir húsaleigu.

Bækur og áhöld svo og námsferðir, styrkir o. fl. er ekki talið í þessari áætlun um rekstrarkostnað Kennaraháskóla Íslands.

## HELZTU HEIMILDIR

### DANMÖRK

1. Betækning vedrørende Læreruddannelsen. Betækning nr. 390 — 1965.
2. Lov om uddannelse af lærere til folkeskolen. Lov nr. 235 af 8. juni 1966.
3. Læreruddannelsen eftir loven af 1966. Betækning nr. 527 — 1969.
4. Seminarie håndbogen 7. udgave.
5. Det ideelle seminarium? Læreruddannelsen efter 1969. Oplæg udarbejdet af Lærerstuderendes landsråd 1967.

### FINNLAND

6. Lärarutbildningskommissionens betänkande. Kommittebetänkande 1967: B 101. Helsingfors 1968.

### NOREGUR

7. Lov og reglement for lærarskolen. Kyrkje- og undervisningsdepartementet 1965.
8. Undervisningsplan for den 2-årige og 4-årige lærarskolen. (Ajourført og revidert utgåve av gjeldande plan). Utgjeven av Kyrkje- og undervisningsdepartementet.
9. Innstilling om Lov om lærarutdanning. Frå Lärarutdanningsrådet, 19. desember 1968. Bergen 1969.  
Mjög var stuðzt við yfirlitskafla norsku laganeftdarinnar um skipan kennaramenntunar með ýmsum þjóðum.

### SVÍÐJÓÐ

10. Lärarutbildningen, 1960 års lärarutbildningssakkunniga; IV:1. Statens offentliga utredningar 1965:29, Ecklesiastikdepartementet.
11. Specialundersökningar om lärarutbildning, 1960 års lärarutbildningssakkunniga; V. Statens offentliga utredningar 1965:31, Ecklesiastikdepartementet.
12. Kungl. Maj:ts proposition nr 4 år 1967 angående reformerad lärarutbildning.
13. Aktuellt från skolöverstyrelsen, 2., 1968/69. Kungl. Maj:ts stadga för lärarhögskolorna SFS 1968:318.
14. Lärarhögskolan i Uppsala. En informationsskrift för studerande på klasslärarlinjen.

### ÞÝZKALAND OG ÝMIS ÖNNUR LÖND

15. Arbeitsmaterial zusammengestellt vom Sekretariat der Kultusministerkonferenz 1969. Zur Harmonisierung der Lehrerbildung und Lehrerbesoldung.
16. Council of Europe. Teacher training in the Federal Republic of Germany. The present situation and reform tendencies. Reproduction of an article which appeared in number 6/1969 of the review „Education in Germany“.
17. Étude sur les enseignants. Germany, Belgique, United Kingdom. Study on teachers. Organisation for economic co-operation and development 1969.
18. Teacher Training by Joseph Majault. Council for cultural co-operation of the Council of Europe. — Strasbourg 1965.
19. School Systems. Council for cultural co-operation of the council of Europe. — Strasbourg 1965.

## EFNISYFIRLIT

(Blis.-tal miðað við sérprentun.)

	Blis.
<b>Frumvarp til laga um Kennaraháskóla Íslands</b> .....	1
Hlutverk, 1. gr. ....	1
Stjórn skólans, 2. gr. ....	1
Nemendaráð, 3. gr. ....	2
Inntaka nemenda í skólann, 4. gr. ....	2
Nám og námstími, 5.—8. gr. ....	3
Námseftirlit og almenn próf, 9. gr. ....	4
Þjálfun í starfi. Embættispróf, 10. gr. ....	4
Starfslið: A. Kennarar, 11. og 12. gr. ....	4
— B. Annað starfslið, 13. gr. ....	5
Rannsóknarstofnun uppeldismála, 14. og 15. gr. ....	6
Æfinga- og tilraunaskóli, 16.—22. gr. ....	7
Orlof, 23. gr. ....	8
Ákvæði til bráðabirgða, 24. gr. ....	8
Gildistaka laganna, 25. gr. ....	9
<b>Athugasemdir við frumvarpið</b> .....	9
A. Nefndarskipun, vinnubrögð nefndar og helztu nýmæli frumvarpsins	9
Gerbreytt kennaramenntun .....	10
B. Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins .....	11
<b>Viðauki I.</b>	
Þættir úr greinargerð laganefndar frá öndverðu ári 1970 með tillögum til breytinga á inntökuskilyrðum og námstíma kennaraefna .....	18
<b>Viðauki II.</b>	
Almenn menntun kennara í ýmsum löndum .....	25
Danmörk .....	27
Finnland .....	32
Noregur .....	35
Svíþjóð .....	38
England .....	44
Þýzka alþýðulýðveldið .....	45
Þýzka sambandslýðveldið, almennt yfirlit .....	46
Dæmi frá Hessen og Nordrhein-Westfalen .....	47
Bandaríki Norður-Ameríku .....	50
<b>Viðauki III.</b>	
Áætlaður rekstrarkostnaður Kennaraháskóla Íslands .....	52
Helztu heimildir .....	55
<b>Skýringarmyndir og töflur:</b>	
Mynd 1: Kennaramenntun 1960—70 .....	12
— 2: Kennaraháskóli Íslands .....	14
— 3: Tímaskil á breyttu kennaranámi .....	20
— 4: Nemendafjöldi í K. Í. árin 1908—1969 .....	22
— 5: Samanburður á kennaranámi í nokkrum löndum .....	26
— 6: Nýting kennslutíma í dönskum kennaraskólum .....	31
Tafla 1—3: Nemendafjöldi í Kennaraskóla Íslands 1908—1970 .....	23
— 4: Námsgreinar og kennslustundafjöldi í dönskum kennaraskólum .....	30
— 5: Skipting námsefnis á misseri í dönskum kennaraskólum .....	30
— 6-7: Skipting kennslustunda á námsefni og misseri í sænskum kennaraháskóla: Yngri deild .....	41
Eldri deild .....	43